

# **Meningarminjar í Rangárvallasýslu**

Greinargerð um svæðisskráningu


Sædis Gunnarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS121-9902-3

Reykjavík

2000



© Fornleifastofnun Íslands  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík

Sími: 551 1033  
Fax: 551 1047  
netfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

## Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
1.1 Um svæðisskráningu	8
1.2 Fornleifakönnun á svæðinu	10
2. Yfirlit um sögu byggðar í Rangárvallasýslu	15
Eyjafjallahreppur:	16
Landeyjar:	20
Fljótshlíð:	23
Hvolhreppur:	27
Rangárvellir:	29
Landmannahreppur:	34
Holtin:	36
3. Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra	40
Bæjarhólar og bæjarstæði	42
Útihús	43
Tún, garðar og akrar	44
Kvíar og stekkir	44
Beitarhús og sel	45
Engjar og áveitur	46
Minjar um samkomur og þinghald	46
Hellar	47
Kuml og kirkjugarðar	47
Samgönguminjar	48
4.  Vendun og kynning minja á skráningarsvæðinu	48
Heimildaskrá	52

## 1. Inngangur:

Í janúar 1999 var hafist handa við svæðisskráningu á Rangárvöllum. Í þeim áfanga voru skráðar fornleifar í Rangárvallahreppi, Fljótshlíð, Hvolhreppi, Holtamannahreppi hinum forna og Landmannahreppi. Í mars 2000 var byrjað að skrá upplýsingar um fornleifar í Landeyjum og undir Eyjafjöllum. Alls voru skráðar upplýsingar um 8630 fornleifar í allri sýslunni. Svæðisskráningin var öll unnin af Sædísí Gunnarsdóttur nema undir Eyjafjöllum en þar vann Guðrún Sveinbjarnardóttir upp úr hluta af eigin gögnum. Orri Vésteinsson sá um ritun og frágang skýrsla um fyrri áfanga skráningarinnar en Sædís sá um frágang og ritun á fornleifaskýrslum Landeyja og Eyjafjallahrepps, auk þessarar skýrslu.

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sér í lagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrir en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbindingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförunum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og

eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulagðan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að tengja fornleifaskráningu við skipulagsgerð á sér stoð í Þjóðminjalögum þar sem segir í 18. gr. að skylt sé “að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess ...” Samkvæmt lögnum á Þjóðminjasafn Íslands að hafa samráð við skipulagsyfirvöld um fornleifaskráningu en að öðru leyti er ekki kveðið á um hvernig standa eigi að fornleifaskráningu og reglugerð hefur ekki verið samin. Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að sinna fornleifaskráningu og hefur raunin orðið sú á undanförunum árum að kostnaður af fornleifaskráningu er borinn af sveitarfélögum. Þó að sveitarfélögum beri ekki lagaskylda til að kosta fornleifaskráningu eru það augljóslega hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar á yfirráðasvæðum þeirra. Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt Þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánu samstarfi við sveitarstjórnir og stofnanir þeirra, með hliðsjón af þörfum þeirra.

Hér á eftir verður gerð rein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki svæðisskráningu fornleifa. Hér er þó greint stuttlega frá þeim skilgreiningum sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Í 16. grein þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. Byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. Vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa



Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar eiga að hafa búið. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eyktamörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumundunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað uppi. Þar sem slíkar sagnir eru, eru þær auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll grettistöð skráð og er þetta vitanlega umdeilanlegt og byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum. Annarskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni eru t.d. um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst hinsvegar annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar. Þar sem til eru upplýsingar um gróðurfar og búskaparskilyrði fyrir einstakar jarðir (t.d. í sóknarlýsingum og héraðssöguritungum) er slíkum upplýsingum safnað á stigi svæðisskráningar.

Samkvæmt lögunum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast Seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvelli, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma yfirleitt mjög lítið af upplýsingum um nútímaminjar og er því ekki að vænta heildstæðs yfirlit um þær fyrr en á stigi aðalskráningar. Hest er að upplýsingar um gamlar sundlaugar komi fram við svæðisskráningu.

## 1.1 Um svæðisskráningu

Við hefðbundna fornleifaskráningu hefur fyrst og fremst verið leitast við að finna og staðsetja einstakar rústir sem sýnilegar eru á yfirborðinu. Ekki var reynt að grennslast fyrir um hvar fornleifar gætu leynst þó þær séu ekki sýnilegar á yfirborði, en ætla má að meginþorri minja á Íslandi sé hulinn sjónum. Til að ráða bót á þessu hefur Fornleifastofnun Íslands þróað aðferðir til að áætla staðsetningu menningarminja en það er mikilvægt bæði frá vísindalegu sjónarmiði og nauðsynlegt ef forðast á röskun minja við framkvæmdir. Annarsvegar er um að ræða leit að vísbendingum um staðsetningu einstakra menningarminja, einkum með stuðningi gamalla túnakorta og örnefnaskráa. Hinsvegar eru óbeinar vísbendingar um byggð og búsetu en með því að fá yfirlit um hvar byggð hefur verið má gera sér allgóða hugmynd um umfang og eðli menningarminja sem þeirri byggð hafa fylgt jafnvel þótt þeirra sjái ekki stað lengur. Við upphaf svæðisskráningar fornleifa er gert yfirlit um sögu byggðar, skilgreindar jarðir og takmörk þeirra og gert yfirlitskort um staði sem vitað er að búið var á. Helstu heimildir eru jarðabækur frá ýmsum tímum, sölubréf og landamerkjalyásingar. Þá er farið skipulega yfir vísbendingar um menningarminjar á hverjum stað, þ.e. túnakort og örnefnaskrár. Að því loknu er leitað í beinum heimildum um fornleifar þ.e. eiginlegum fornleifaskýrslum.

Notagildi svæðisskráningar eru ákveðin takmörk sett og hún getur aldrei komið í staðin fyrir vettvangskönnun (aðalskráningu). Í fyrsta lagi takmarkast svæðisskráning við þá flokka heimilda sem eru aðgengilegastir og gefa heildstæðasta mynd af menningarminjum á viðkomandi svæði. Er þar um að ræða jarðabækur, fornleifaskýrslur, örnefnaskrár og túnakort. Aðrar heimildir eins og t.d. ævisögur eða ferðasögur, sem oft geyma nákvæmar upplýsingar um húsaskipan og staðsetningu mannvirkja á 19. öld, eru ekki rannsakaðar skipulega á stigi svæðisskráningar þar sem nákvæmni og fjöldi slíkra upplýsinga er tilviljanakenndur og erfitt að hafa upp á þeim þegar stór svæði eru könnuð. Heimildir af þessu tagi eru hinsvegar kannaðar á stigi aðalskráningar. Í öðru lagi getur svæðisskráning ekki gefið nákvæmar upplýsingar um



staðsetningu allra minjastaða og í þriðja lagi er ekki hægt að segja til um ástand eða afdrif allra minjastaða á grunni svæðisskráningar. Nákvæmra upplýsinga um þessi atriði er ekki hægt að afla nema með vettvangsathugun, en á grunni svæðisskráningar má hinsvegar gefa grófa mynd af dreifingu og ástandi fornleifa á skráningarsvæðinu.

Helstu flokkar heimilda sem við er stuðst við svæðisskráningu fornleifa eru jarðabækur, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur. *Jarðabækur.* Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er helsta og ítarlegasta verk sinnar tegundar og grundvallarheimildarrit um sögu byggðar á Íslandi og var hún tekin saman á árunum 1706-1709 í Rangárvallasýslu. Þar að auki má nefna Jarðatal Johansens frá 1847 og síðan ritið *Sunnlenskar byggðir* en saman gefa þessi rit allgóða mynd um dreifingu byggðar á skráningarsvæðinu. Með því að bera jarðabækurnar saman við jarða- og landamerkjaskjöl fæst einnig gróf mynd af þróun byggðar, skiptingu jarða og breytingum á eignarhaldsfyrirkomulagi. Þessar heimildir geta að jafnaði ekki um einstaka minjastaði, aðra en bæjarstæði og stöku sinnum ælstöður, en heildstæðar upplýsingar um dreifingu byggðar eru grundvöllur fyrir túlkun flestra annarra minja, þ.e. þeirra sem orðið hafa til í sambandi við landbúnað, en það er þorri allra fornleifa. *Túnakort.* Um 1920 voru gerðir uppdrættir í mælikvarðanum 1:2000 af tünnum svo til allra jarða á Íslandi. Kortin eru allmisjöfn að gerð enda eftir mismunandi mælingamenn. Öll sýna þau þó mörk túnanna og langoftast er staðsetning bæjarhúsa og útihúsa innan þeirra sýnd, en yfirleitt engin hús utan túns. Einnig er ritað á kortin hversu stór túnin voru í fermetrum og/eða dagsláttum, hversu stór hluti þeirra var þýfður þegar mælt var og hversu stórir matjurtagarðar voru. Öll kortin á skráningarsvæðinu voru gerð eftir 1920 og koma fram á þeim bæði bæjarstæði og útihús en erfitt er að greina milli kálgarða og útihúsa. *Örnefnaskrár.* Söfnun og skráning örnefna hófst á seinni hluta 19. aldar og þá fyrst og fremst í samhengi við skýringar fornrita. Það var hinsvegar ekki fyrr en eftir 1920 að skipuleg skráning allra örnefna á einstökum jörðum hófst að marki. Örnefnaskráning varð síðan eitt af aðalverkefnum Þjóðminjasafnsins en örnefnasafnið er nú í umsjá Örnefnastofnunar Íslands. Örnefnalýsingar á skráningarsvæðinu eru mjög góðar að undanskyldum skránum í Landeyjum sem eru frekar rýrar ásamt því sem þar vantar örnefnaskrár fyrir nokkrar jarðir. Skráning fornleifa á svæðinu hefur átt sér stað smátt og smátt, meira og

minna unnin af heimamönnum. Allmisjafnt er hversu nákvæmlega er getið um rústir í örnefnaskráum en sjaldgæft er að höfundar skrána láti alveg hjá líða að minnst á mannvirkjaleifar. Þar kemur auðvitað aðallega til að margar rústir bera nöfn og eru auk þess fastir punktar í landslaginu sem hægt er að miða við í lýsingum á landinu. Örnefnaskrár eru stærsta og heildstæðasta safn upplýsinga um fornminjar sem völ er á en helstu gallar þeirra eru, að það er ekki hægt að treysta því að fullt samræmi sé á milli skráa, þar sem þær eru samdar af ólíku fólki á ólíkum tímum og höfundar þeirra eru oft of staðkunnugir þannig að lýsingar á landslagi verið illskiljanlegar þeim sem ekki þekkja til. Sjaldgæft er að fornleifum sé lýst að marki í örnefnaskráum, heldur er langoftast aðeins getið um þær í framhjáhlaupi eða til skýringar. *Fornleifaskýrslur*. Í lok 19. aldar var gert mikið átak á vegum Hins íslenska fornleifafélags í að kanna íslenska fornleifastaði, og voru það einkum staðir sem tengdust frásögnum fornrita sem þóttu athyglisverðir. Til eru margar skýrslur og greinar um fornleifar í Rangárvallasýslu og verður gerð frekari grein fyrir þeim hér að neðan.

Það má því segja að jarðabækur, og skyldar heimildir gefi rammann utan um skráningu menningarminja, en þorri upplýsinga um einstaka staði kemur úr örnefnaskráum og af túnakortum. Á svæðum þar sem aðalskráning (vettvangsathugun) hefur ekki farið fram eru fornleifaskýrslur aðeins til um örfáa staði, og yfirleitt um staði sem á einhvern hátt hafa þótt sérstakir. Mjög sjaldgæft er að til séu nákvæmar lýsingar á minjum um landbúnaðarstörf og daglegt líf seinni alda.

## *1.2 Fornleifakönnun á svæðinu*

Mikill áhugi var á fornaldarminjum í Danmörku í upphafi 19. aldar og lét konungleg nefnd um varðveislu fornminja skrá merkar minjar í öllu Danaveldi. Árið 1817 voru sendir út spurningalistar til sóknarpresta á Íslandi og þeir beðnir að gera grein fyrir fornum mannvirkjum og gripum sem fundust í sóknum þeirra. Svörin sem bárust nefndinni á næstu árum eru mjög misjöfn að lengd og gæðum og frá sumum prestum komu engin. Af skráningarsvæðinu bárust svör frá Ólafi Pálssyni á Eyvindarhólum, Brynjólfi Sigurðssyni í Holti undir Eyjafjöllum, Halldóri Jónssyni í Stóradal, Sæmundi Hálfðánarsyni presti í Teigi og Eyvindarmúla og Torfa Jónssyni á Breiðabólstað. Einnig bárust bréf frá Stefáni Þorsteinssyni í Krossi, Sigurði Thorarensen í

Stórólshvolssókn, Steingrími Jónssyni í Odda, Halldóri Magnússyni á Keldum, Eggerti Bjarnasyni á Stóruvöllum, Einari Þorleifssyni í Haga og Brynjólfi Guðmundssyni í Kálfholti.

Sr. Ólafur Pálsson sagði frá kistu Þrasa í Skógafossi og Þrasaleiði annarsvegar en hinsvegar greindi hann frá Hrútafellshelli og lét fylgja með greinargóða lýsingu á honum. Einnig gat hann um huldufólksbyggð í Reynishólum. Sr. Brynjólfur nefndi Grettishaf, blágrýtisklett í sókn hans. Einnig benti hann á tvær gamlar sagnir, um Holt annarsvegar og Ásólfskála hinsvegar, um að bæirnir hefðu áður verið á öðrum stöðum en þeir voru í hans tíð en engar tóftir hafði Brynjólfur séð sem studdu þær sagnir. Sr. Halldór greindi frá Paradísarhelli og lét fylgja með lýsingu á honum. Séra Sæmundur gat nokkurra fornmannahauga, Meyjarhóls, Gunnarshaugs, Geirshaugs, Lambahaugs og Sámshaugs. Einnig greindi hann frá rúnasteinum, rúnum í Snorraríki í Þórsmörk, Grjótagerði í Barkastaðalandi og hlóðum með ösku sem höfðu fundist í Eyvindarmúlaheiði ásamt því sem hann lét fylgja sagnir sem hann kundi um Sóttarhelli í Þórsmörk. Sr. Torfi greinir frá mögulegu formannaleiði undir Þríhyrningi og fornu akurgerði í Vatnsdal og sr. Stefán Þorsteinsson gat um tvo fornmannahauga, Skíðaleiði og Kanahól, ásamt lögrétu í Hallgeirseyjartúni. Sr. Sigurður G. Thorarensen segir af fornmannahaugum, Stórólfshaugi í Kornhúsahól, Dufþakshóli, legstað í Akurey og þingstað við Stórólshvol. Sr. Steingrímur í Odda ritaði nefndinni langt og ítarlegt bréf og stóð lengi í bréfaskiptum við hana og fylgja þau skrif safni nefndarinnar. Hann greindi frá haugi á Móeiðarhvoli, fornu fjósi í Odda, Gammabrekku, goðalág á Hofi, fornum kirkjumunum ásamt því sem hann lét fylgja sagnir af Sæmundi fróða. Síðar ritaði hann nefndinni um Paradísarhelli, Snorraríki og minjar á Seljalandi, og fleiri kirkjumuni. Sr. Halldór greindi nefndinni frá hinum forna þingstað á Þingskálum, mannabeinum sem blésu upp á Grafarbakka og Haugsvík í Árbæ og einnig greindi hann frá fornþýlinu Tröllaskógi. Halldór lét einnig fylgja með fornar sagnir frá Árbæ og Eystra-Skarði ásamt greinargerð um Torfa í Klofa og Torfahlaup. Sr. Eggert gat um fornmannahaug í Skrokkhól og fjársjóði í Ketilhól. Sr. Einar greindi frá merkilegum hellum í sókn sinni, fornum kirkjum í Snjallsteinshöfða, Akbrautarholti og Skammbeinsstöðum, ásamt fornþýlunum Vakurstöðum og Pulu. Sr. Brynjólfur sagði

frá fornum munum, fornmannaleiði á Herriðarhóli og í Sumarliðabæ ásamt haug Jólgeirs og kistu hans og fornmannaleiði við Unuhól.<sup>1</sup>

Af þessu yfirliti má sjá að haugar fornanna, hellar, þingstaðir og fornar sagnir voru þær tegundir fornleifa sem mest ástæða þótti að nefna á þessum tíma og fátt er um hversdagsminjar annað en forn bæjarstæði. Þessar áherslur voru að hluta dregnar af spurningum nefnarinnar, sem greinilega hafði mestan áhuga á sýnilegum minnismarkjum um söguöldina, en þær lýsa einnig almennri skoðun á fornminjum í byrjun 19. aldar. Þær áherslur áttu ekki eftir að breytast næstu áratugi en áhugi jókst hinsvegar mjög á íslenskum fornleifum er leið á 19. öld. Þessi áhugi birtist t.d. í ritgerð Páls Sigurðssonar frá Árkvörn um örnefni í Rangárþingi en í henni fjallar hann um örnefni sem koma fyrir í Íslendingasögunum og Landnámu og ræðir staðsetningu þeirra og getur í því samhengi um fornleifar þótt ekki hafi hann gert skipulegar vettvangskannanir.

Skipulegar rannsóknir á Íslendingasögunum áttu blómaskeið á seinni hluta 19. aldar, og voru þær, af hálfu Íslendinga að minnsta kosti, tengdar sjálfstæðisbaráttunni og þörf Íslendinga fyrir skýra mynd af eigin fortíð. Á þessum tíma gerðu menn sér grein fyrir að ein helsta leiðin til að sannreyna að hversu miklu leyti sögunar segðu frá raunverulegum atburðum var að athuga staða- og leiðalýsingar þeirra. Í þeim tilgangi reið danski handritafræðingurinn Kristian Kålund um landið á árunum 1872-74, með Íslendingasögunar í hnakktöskunni og kannaði staði og leiðir sem lýst er í sögunum. Í Rangárvallasýslu byrjar hann í Flagbjarnarholti og lýsir þar meintum þingtóftum og einnig segir hann frá garði Torfa í Klofa. Einnig greinir Kålund frá Sigmundarhaugi á Sandhólaferju og Hrafntóftum en ekki er hægt að sjá af textanum að hann hafi komið á þessa staði. Hann segir lítillega af landeyðingu vegna Heklugosa og nefnir Tjaldstaði og Eystra-Skarð í því samhengi. Kålund lýsir þingstaðnum á Þingskálum allítarlega. Þar sem þetta svæði er aðalsöguvið Njálu nefnir hann mörg býli sem getið er í sögunni án þess að lýsa greinilega fornminjum þar. Hann gat Goðalágar á Stóra-Hofi sem og gamla bæjarstæðisins þar. Hann greindi frá byggðinni ofan við Keldur, Tröllaskógarsvæðinu, og rekur heimildir um byggðina þar ásamt því að greina ítarlega

---

<sup>1</sup> FFI, 117-189



frá sögnum um Knafahóla. Eins og svo margir eldri fræðimenn hafði Kálund greinilegan áhuga á að bera leiðalýsingar Njálu saman við landslagið og sjá út hvar fornar hetjur riðu um og prófa þannig staðþekkingu Njáluritara. Kálund nefnir einnig forn gerði og tóftir á Hrappstöðum, Þórólfsfell, Bólstað, Svertingsstaði, Práinsgerði og þingstaðinn í Lambey en eins og svo oft áður er greinilegt að hann hefur lýsinguna eftir öðrum. Hann lýsir hins vegar staðháttum greinilegar á Hlíðarenda og nefnir þar frægar fornminjar eins og Gunnarshaug, skálann þar sem Gunnar varðist og Sámshaug, en einnig húsagarð stóran og akra Gunnars sem og síðari tíma akurleifar. Einnig lýsir hann staðháttum á Bergþórshvoli nokkuð nákvæmlega eins og vænta mátti. Einnig nefnir hann þingstaði í Fíflholti og Gamla-Ossabæ. Kálund aflaði sér upplýsinga um afréttirnar, að minnsta kosti Hoftorfu í Steinsholti, Snorraríki, Sóttarhelli, Þuríðarstaði og Húsadal í Þórsmörk. Á Seljalandi staldrar hann við hoftóftina og Seljalandshelli ásamt Paradísarhelli, Grettishaf og skála Ásólfis. Ennig nefnir Kálund tóftir af verslunarhúsum nálægt Arnarhóli. Hann lagði greinilega áherslu á hella undir Eyjafjöllum og nefnir þá helstu svo sem Rútshelli og Steinahelli, sem og Þrasaleiði við Skógafoss.<sup>2</sup>

Árið 1879 var Hið íslenska fornleifafélag stofnað og var markmið þess meðal annars að kanna forn mannvirki og einkum þau sem tengdust fornsögunum og samfélagi þjóðveldisaldar. Félagið gerði út leiðangra á sumrin til að kanna sögustaði og safna forngripum og var Sigurður Vigfússon gullsmiður og fornfræðingur aðal rannsóknarmaður félagsins fyrstu tíu árin. Hann fór að minnsta kosti í tvo leiðangra um Rangárþing árin 1883 og 1885. Helstu áherslur hans voru að finna staði sem nefndir voru í Íslendingasögunum sem og hof. Eftir 1890 tók Brynjúlfur Jónsson við fornleifakönnunum fornleifafélagsins og ferðaðist víða um land fram um 1910. Hann hafði sérstakan áhuga á Rangárþingi, var ættaður þaðan og ritaði margar greinar um sögustaði þar og skoðaði margar tóftir. Hann rannsakaði margt og skrifaði greinar meðal annars um eyðibýli, hella og landnám ásamt því sem hann rannsakaði akra og hof. Eftir að hann hætti rannsóknarferðum sínum lögðust könnunarferðir á vegum fornleifafélagsins alveg niður, en menn héldu áfram að sýna fornleifum í Rangárþingi

---

<sup>2</sup> KK I, 150-204



mikinn áhuga og sérstaklega í tengslum við fornsögurnar. Má þar nefna menn eins og Skúla Guðmundsson á Keldum, Vigfús Guðmundsson og Valgeir Sigurðsson. Það sem þeir skrifuðu mest um voru eyðibýlarannsóknir og unnu þeir ómetanlegt starf þar. Matthías Þórðarson rannaskaði meðal annars fornar tóftir á Hvítanesi og margir fleiri hafa ritað greinar um fornar minjar á þessu svæði. Á síðustu árum má helstan telja Þórð Tómasson sem ekki aðeins hefur ritað fjöldan allan af greinum og bókum um svæðið heldur einnig haldið utan um byggðasafnið á Skógum.

Helstu uppgreftir á skráningarsvæðinu hafa verið tveir, annarsvegar uppgröfturinn á Bergþórshvoli. Þar gróf Sigurður Vigfússon árin 1883 og 1885<sup>3</sup> og Matthías Þórðarson gróf þar frá 1927-1931. Það er fyrsti stóri uppgröftur í bæjarhól á Íslandi og er um margt merkilegur. Kristján Eldjárn og Gísli Gestson grófu einnig á Bergþórshvoli árin 1950 og 1951 og tóku saman niðurstöður af verki Matthíasar.<sup>4</sup> Mjöll Snæsdóttir stjórnaði uppgrefti á bæjarhólnum á Stóruborg frá 1978-1990.<sup>5</sup> Síðan má nefna fornleifaskráningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur sem fór fram sumurin 1980-1981 og má telja eina af fyrstu skráninguna sem gerð var á Íslandi, hún gróf einnig aðeins á nokkrum stöðum, svo sem í Þórsmörk og einnig stóð hún fyrir

---

<sup>3</sup> Sigurður Vigfússon. “Rannsóknir sögustaða sem gerðar voru 1883 um Rangárvöllu og þar í grend, einkanlega í samanburði við Njáls sögu” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-1892*, 35-62; Sigurður Vigfússon. “Rannsóknir sögustaða sem gerðar voru 1885 í Rangárþingi og í Skaftafellssþingi vestanverðu” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-1892*, 63-75; Storch, V: “Efnafraeðilegar rannsóknir með viðhöfðum sjónauka á einkenilegu efni, fundnu við útgröft þann, er Sigurður Vigfússon framkvæmdi á Bergþórshvoli fyrir hið íslenska fornleifafjelag” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1887. Viðbætur*, 1-18

<sup>4</sup> Kristján Eldjárn og Gísli Gestsson: “Rannsóknir á Bergþórshvoli” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1951-52*, 5-75

<sup>5</sup> Sjá m.a. Mjöll Snæsdóttir: “Stóraborg. Eftirmæli um bæjarhól” *Heima er best*, 6. tbl, 43. árg, 1993, 196-203; Mjöll Snæsdóttir: “Anna átti mig” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1980*, 51-57; Mjöll Snæsdóttir: “Kirkjugarðurinn að Stóruborg undir Eyjafjöllum” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1987*, 5-40; Mjöll Snæsdóttir: “Ráði sá er kann. Óráðinn rúnatexti frá Stóruborg undir Eyjafjöllum” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1988*, 29-34; Mjöll Snæsdóttir: “Jarðhýsið í Stóruborg undir Eyjafjöllum” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1991*, 53-58

vistfræðilegum rannsóknum í Holti.<sup>6</sup> Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir hafa gert rannsóknir á manngerðum hellum á Íslandi og var mikill hluti þeirra í Rangárvallasýslu.<sup>7</sup>

## 2. Yfirlit um sögu byggðar í Rangárvallasýslu

Til að fá gróft yfirlit um byggðasögu skráningarsvæðisins verður hér fjallað um hvern hrepp fyrir sig. Aðferðirnar sem hér verður beitt til þess að skoða byggð á svæðinu eru þær að fyrst er litið á landnám í Rangárþingi, gerð grein fyrir landnámi hvers hrepps fyrir sig en á grunni þess og staðsetningum kumla og kirkna er hægt að geta sér til um hvaða jarðir byggjast fyrst á svæðinu. Kuml eru auðsjáanlega heimild um byggð fyrir árið 1000 en kirkjur og bænhús er yfirleitt talið að hafi verið reist mjög skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á hinum mikla fjölda guðshúsa er að þau hafi upphaflega verið byggð í heimagrafreitum sem hafa verið við hvern bæ eins og kumlateigar í heiðni. Sé svo má nota bænhús eða kirkju sem vísbendingu um að viðkomandi bær hafi verið komin í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið, eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa verið bænhús séu seinna til komnar, eða hafi að minsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar. Ritaðar heimildir eru helstar Landnámabók, fornbréf og fornsögur. Sögusvið Njálssögu nær yfir skráningarsvæðið og má ætla að þær jarðir sem þar eru nefndar hafi verið komnar í byggð þegar Njála við rituð um 1280. Elstu fornbréfin eru frá 14. öld og má af þeim fá nokkra hugmynd um byggðaskipun á svæðinu.

---

<sup>6</sup> Buckland, P.C: "Holt in Eyjafjallasveit, Iceland. An Paeloecological Study og the Impact og Landnám" *Acta Archaeological*, 61 1990, 252-269; Guðrún Sveinbjarnardóttir: "Byggðaleifar á Þórsmörk" *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1982, 20-61; Guðrún Sveinbjarnardóttir: *Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland: an Interdisciplinary Study*, Oxbow Monograph 17, Oxford 1992; Guðrún Sveinbjarnardóttir: "Palæoekologiske undersøgelser på Holt í Eyjafjallasveit, Sydslad" *Hus, gård och bebyggelse*, 1983, 241-215

<sup>7</sup> Árni Hjartarson: *Manngerðir hellar á Íslandi*, Reykjavík 1991

### *Eyjafjallahreppar:*

Samkvæmt frásögn Landnámabókar nam Prasi land á sýslumörkum milli Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslna, milli Kaldaklofsár og Jökulsár.<sup>8</sup> Sturlubók og Melabók segja Þrasa hafa búið í Eystri-Skógum en Hauksbók nefndir bústað hans Bjallabrekku og er talið, að hún hafi verið fyrir ofan bæinn í Ytri-Skógum.<sup>9</sup> Landnám Þrasa nær yfir Skógasókn. Hrafn heimski Valgarðsson nam land vestan við Þrasa frá Kaldaklofsá að Lambafelli og bjó að Rauðafelli eystra.<sup>10</sup> Landnám Hrafns hefur náð yfir Eyvindarhóla-, Stóruborgar- og Miðbælissóknir. Ekki er ljóst hvaða á Lambafellsá hefur verið en Haraldur Matthíasson bendir á tvær mögulegar ár sem renna sitt hvoru megin við Lambafell, Svaðbælisá og Laugará.<sup>11</sup> Ásgeir kneif Óleifsson nam land milli Lambafellsár og Seljalandsár og bjó að Auðnum.<sup>12</sup> Engin veit hvar bærinn að Auðnum hefur verið en helst er talið að hann hafi verið í landi Sanda því að stór hluti þeirrar jarðar var snemma horfin í sand. Ásgeir seldi eystri hluta landnáms síns til Þorgeirs hörska Bárðarsonar, og voru merki á milli þeirra um Írá, en Þorgeir bjó í Holti.<sup>13</sup> Landsvæði Þorgeirs nær yfir Holts- og Steinasóknir að undanskildum, Núpi, Hvammi og Sauðhúsvelli, en þær jarðir tilheyra landnámi Ásgeirs ásamt Stóradalssókn austan Seljalandsár.<sup>14</sup> Ásgerður Asksdóttir nam land milli Seljalandsmúla og Jöldusteins og bjó norðan í Katanesi.<sup>15</sup> Mörk á landnámi Ásgerðar eru óljós. Landnám hennar er miðað við Seljalandsmúla en Ásgeirs við Seljalandsá og munar þar sáralitlu. Hún nam land að Markarfljóti en rennsli þess hefur verið breytilegt milli ára. Vestan þess eru nokkrar jarðir sem tilheyra Eyjafjallahreppi, allar upphaflega hjáleigur stórjarða austan Fljóts. Langanes er innan við Stórumörk en Jöldusteinn er sennilega á mótis við þar

---

<sup>8</sup> ÍF I, 338

<sup>9</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 412

<sup>10</sup> ÍF I, 30-341

<sup>11</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 412-413

<sup>12</sup> ÍF I, 340-341.

<sup>13</sup> ÍF I, 342.

<sup>14</sup> PS: "Um forn örnefni" StSÍ II, 509

<sup>15</sup> ÍF I, 342-344.

sem Steinhóltsá rennur niður úr hlíðum Eyjafjallajökuls. Ekki er vitað hvar bær hennar var.<sup>16</sup>

Sagnir Landnámabókar af landnámi undir Eyjafjöllum hljóma hvergi ósennilega. Samkvæmt henni hefur byggð undir Eyjafjöllum hafist í Skógum, Rauðafelli eystra, Holti og að Auðnum. Líklegra er að Þrasi hafi búið í Ytri-Skógum því þar er stærri jörð og varð snemma kirkjustaður og sennilega byggst á undan Eystri-Skógum, að minnsta kosti átti Skógakirkja hálf landið þar.<sup>17</sup> Sú kenning að bærinn að Auðnum hafi verið í landi Sanda er nokkuð líkleg, bæði bendir nafnið til þess að býlið hafi verið komið í eyði þegar á ritunartíma Landnámu og svo er ekkert landnámsbýli á þeim slóðum. Einnig eru Sandar vestan við Holt og því gæti frásögnin um Þorgeir í Holti staðist. Ekki er ljóst hvar mörk landnáms Ásgerðar hafa verið en innan þess eru bæði Merkurjarðir og Stóridalur.

Landnáma greinir einnig frá því að Ásbjörn Reykelsson og Steinfinnur bróðir hans námu land fyrir ofan Krossá fyrir austan Fljót. Steinfinnur bjó á Steinfinsstöðum en Ásbjörn bjó í Þórsmörk.<sup>18</sup> Ekki er víst hvar býli þeirra voru en talið hefur verið að Ásbjörn hafi búið í Húsadal því örnefnið er gamalt og síðan hefur rústin á Kápu á Almennungum almennt verið kölluð Steinfinsstaðir án þess að nokkur sönnun sé fyrir því að Steinfinnur hafi búið þar. Páll Sigurðsson í Árkvörn taldi þá bræður hafa komið út með Ásgerði og verið leysingjar eða hásetar hennar og að hún hafi úthlutað þeim landi. Páll telur Steinfinn hafa fengið land sem liggur sunnan Krossár, norðan undir Eyjafjallajökli, því vestasti hluti þess svæðis er kallað Steinholt (sbr. Steinfinnsholt). Hann telur bæ hans hafa verið á Fagraskógi við Steinhóltsá en bæjarstaðið sé horfið í ána. Hoftorfa sem þar er (RA-613:002) hafi þá verið þar sem þeir bræður og aðrir Þórsmörkurbúar hafi haft hof sitt. Páll telur Ásbjörn ekki hafa búið í Húsadal heldur á Þuridarstöðum.<sup>19</sup> Fánýtt er að eltast við að staðsetja býli sem þessi en hitt er merkilegt að Landnáma skuli greina frá byggð uppi í Þórsmörk. Í Njálssögu segir af þremur býlum þar, sem öll kallast Mörk og hefur þeim oft verið ruglað saman við Stóru-, Mið-

---

<sup>16</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 414-416

<sup>17</sup> DI II, 676

<sup>18</sup> ÍF I, 344-346.

<sup>19</sup> PS: "Um forn örnefni" StSÍ II, 510-511



og Syðstu-Mörk. Erfitt er að fullyrða nokkuð um byggð í Þórsmörk en greinilegt er að snemma hafa menn talið það fýsilegan kost að byggja langt inn til landsins þó síðar hafi byggðin þar verið yfirgefin og menn flutt sig nær annari byggð, eins og gerðist víðar á landinu meðal annars í Hrafnkelsdal og Brúardölum á Héraði. Sennilega eru að minnsta kosti 4-5 bæjarleifar í Þórsmörk og vel má vera að fleiri tóftir leynist þar. Á þessu svæði eru einnig þau tvö kuml sem fundist hafa í Eyjafjallahreppi og eru þau ótvíræð sönnunargögn um forna byggð. Í rannsókn Guðrúnar Sveinbjarnardóttur í Þórsmörk komst hún að þeirri niðurstöðu að tímasetja mætti upphaf byggðar á Steinfinnsstöðum til 9. eða 10. aldar.<sup>20</sup> Ritaðar heimildir benda til þess að öll byggð hafi lagst af á Þórsmörk á 12. öld.<sup>21</sup>

Í Landnámu getur einnig um byggð í Eyvindarhólum en þangað flutti Eyvindur Baugsson. Einnig er þar getið um byggð á Ásólfskála og Miðskála en á öllum þessum jörðum risu kirkjur.<sup>22</sup> Eins og áður var sagt má ætla að byggð hafi hafist snemma á þeim jörðum sem kirkjur voru byggðar á. Því má ætla að snemma eftir landnám hafi byggð hafist í Ytra-Raufarfelli, Miðbæli, Steinum, Ystaskála, Söndum, Þorgeirsstöðum (Fornasandi), Núpi, Fit, Seljalandi, Neðridal, Stóradal, Syðstu-Mörk, Mið-Mörk og Stóru-Mörk, þótt þessara staða sé yfirleitt ekki getið fyrir en um eða eftir 1200. Í kirknaskrá Páls biskups frá um 1200 er getið um kirkjur í tveimur Arnarbælum, önnur kirkjan var í Miðbæli en ekki er vitað með vissu hvar Austasta-Arnarbæli var þótt flestir hallist að því að það sé jörðin Stóraborg.<sup>23</sup> Að sögn Mjallar Snæsdóttur sem sá um uppgröftin á Stóraborg er ekki hægt að fullyrða um að byggð hafi hafist fyrir en á 11. öld á þeim stað sem grafið var en í grennd voru tóftir sem gætu verið leifar af eldra bæjarstæði (RA-017:033).

Í máldögum kirkna í hreppnum er að finna mikinn fróðleik um byggð á svæðinu og á þeim grunni er hægt að birta yfirlit yfir það hvenær jarða er fyrst getið í skjölum. Í máldaga Eyjarkirkju í Landeyjum frá 1179 er getið um jörðina Berjanes.<sup>24</sup> Varðveist

---

<sup>20</sup> Guðrún Sveinbjarnardóttir: "Byggðaleifar á Þórsmörk" Árbók 1982, 35

<sup>21</sup> *Sturlunga saga* I, 532

<sup>22</sup> ÍF I, 61, 352

<sup>23</sup> DI XII, 6

<sup>24</sup> DI I, 257.



hefur máldagi Holtskirkju frá 1270 og þar eru nefndar jarðirnar Varmahlíð, Ormskot, Vallnatún, Gerðakot og Hvammur og einnig er minnst á Vesturholtsfjöru sem bendir til þess að til hafi verið bær með sama nafni. Í máldaga Ytri-Skógakirkju frá 1332 eru nefndar jarðirnar Drangshlíð, Skarðshlíð, Bakkakot og einnig Hörðuskáli sem er gamalt lögbýli sem fór í eyði árið 1703. Í máldaga kirkjunnar á Stóruborg frá sama ári segir að kirkjan eigi Klambrarland. Einnig hefur varðveist máldagi Miðbæliskirkju frá 1332 og er þar nefnd jörðin Leirur og sama ár tilheyrir hálfur Sauðhúsvöllur Stóradalskirkju. Árið 1340 er Ystabæli nefnt í máldaga Pykkvabæjarklausturs.<sup>25</sup> Nýjabæjar er getið í skrá yfir fjörumörk Breiðabólstaðar, frá árinu 1361, en talið er að bærinn hafi fyrr staðið á Gljánni og jafnvel borið annað nafn og gæti býlið því verið mun eldra. Árið 1371 er Núpakot nefnt í máldaga Steinakirkju.<sup>26</sup> Lambakot er ekki nefnt fyrr en 1480 í máldaga Holtskirkju.<sup>27</sup> Árið 1499 var hálf Svaðbæli gefið Holtskirkju.<sup>28</sup> 1521 er Minniborg fyrst nefnd í virðingagjörð á eignum Vigfúsar Erlendssonar.<sup>29</sup> Árið 1548 er Selkot nefnt í vitnisburðarbréfi og er það fyrsta hjáleigan sem nefnd er í skjölum og í sama bréfi er Hrutafell nefnt í fyrsta sinn en líklega hefur sú jörð byggst miklu fyrr.<sup>30</sup> Af þessu má sjá að heimildir eru fyrir byggð á flestum lögbýlum hreppsins á miðöldum. Einungis Hlíð og sennilega Efra-Holt eru lögbýli sem líklegt er að hafi byggst snemma þótt ekki sé hægt að finna heimildir fyrir því. Önnur minni lögbýli sem ekki er ljóst úr hvaða jörð byggðust eru Skálakot og Moldgnúpur sem eru sennilega bæði byggð úr landi Ásólfskála og Lambhúshóls og fylgdi jörðinni land Vestur-Holts en ekki ljóst hvort jörðin var byggð þaðan.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði fyrir 1847.

---

<sup>25</sup> DI II, 84-85, 676-9, 683, 740

<sup>26</sup> DI III, 192, 260.

<sup>27</sup> DI VI, 330.

<sup>28</sup> DI VII, 431-432.

<sup>29</sup> DI VIII, 798.

<sup>30</sup> AI IV, 399-405

Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð	Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð
RA-005:002	Bakkarnir	1660-1784	RA-066:015	Kristínartóft	Ekki vitað
RA-005:059	Oddshlíð	Ekki vitað	RA-069:046	Péturssel	fyrir 1690
RA-010:016	Vindás	um 1695-1705	RA-069:047	Kyrnmytarstaðir	um 1680-1685
RA-013:038	Vesturhjáleiga	til um 1700	RA-069:048	Rotbakkar	byggð 1680
RA-017:035	Borgarkot	til 1700	RA-069:049	Hátún	Ekki vitað
RA-027:007	Svaðbælistúli	1854-1870	RA-069:050	Hvassatún	í eyði frá 1650
RA-032:004	Glóra	fyrir 1700	RA-069:051	Setberg	Ekki vitað
RA-032:005	Einarskot	fyrir 1730	RA-069:052	Seljalandsfel	Ekki vitað
RA-032:006	Harðivöllur	1680-?	RA-072:025	Ömpuhellir	Ekki vitað
RA-032:008	Árbakkar	1670-1707	RA-074:015	Steinmóðarbhj.	um 1670-1693
RA-032:009	Fornasel	fyrir 1670	RA-079:009	Dímonarhólmi	til 1690
RA-032:013	Holtsvöllur	um 1839-1896	RA-079:011	Ólafshús	fram til loka 18. aldar
RA-032:025	Eitra	fyrir 1826	RA-079:012	Lambhúshóll	fyrir 1650
RA-032:064	Hunkuhólar	Ekki vitað	RA-079:013	Murnavöllur	fyrir 1660
RA-033:002	Lækjarbakkar	fyrir 1708	RA-080:015	Litli-Murnav.	um 1680-1695
RA-039:002	Syðsta-Grund	1817-?	RA-082:005	Miðmerkurhjal.	til 1690
RA-043:030	Stebbakot	ekki vitað	RA-083:014	Gróf	fyrir 1700
RA-062:026	Hali	fyrir 1650	RA-083:021	Nauthús	fyrir 1700
RA-063:006	Sökkuhóll	Ekki vitað.	RA-083:064	Akstaðir	ekki vitað
RA-063:017	Ystaborg	fyrir 1705	RA-615:003	Þuríðarstaðir	á miðöldum
RA-064:006	Stekkjartún	fyrir 1709	RA-615:004	Þuríðarst. efri	fram á 12. öld
RA-064:009	Stekkjarkakki	Ekki vitað	RA-615:005	Húsadalur	á miðöldum, 1802-3
RA-064:010	Melar	Ekki vitað	RA-616:001	Steinfinnstaðir	á miðöldum

Af þessari töflu má sjá að þéttbýlla hefur verið á 17. og 18. öld en síðar varð. Þó er byggðin undir Eyjafjöllum enn mjög þétt. Flestar jarðir sem hafa farið í eyði eru á Gljanni eða við Markarfljót en á öðrum bæjarhólum hefur byggðin verið nokkuð stöðug frá miðöldum fram á 20. öld.

### Landeyjar:

Systkinin Hildir, Hallgeir og Ljót námu land í Landeyjum og bjó Hildir í Hildisey, Hallgeir í Hallgeirsey og Ljót á Ljótastöðum.<sup>31</sup> Þannig greinir Landnáma frá fyrstu byggð í Landeyjum. Landamerki þeirra systkina eru að mestu glögg, Markarfljót að austanverðu þótt sennilega hafi það runnið vestar en nú. Að vestan er Rangá, sem nú nefnist Hólsá og að ofan er Þverá. Að norðaustan eru ekki glögg merki frá náttúrunnar hendi og hefur landnámið náð upp að landi Baugs, sennilega á svipuðum stað og núverandi sveitamörk milli Fljótshlíðar og Landeyja. Ekki er hægt að greina mörk innan landnáms þeirra systkina, ekkert þeirra bjó í V-Landeyjum og eru bæir þeirra

<sup>31</sup> ÍF I, 354-355.

allir frekar nálægt hvor öðrum í stóru landnámi.<sup>32</sup> Þessi frásögn er ekkert sérstaklega trúverðug og ósennilegt að menn hefðu látið stóran hluta af landnámi sínu, þ.e. allar V-Landeyjar vera óbyggðar. Ekki er þó hægt að afsanna þessa sögu en mikilvægt að skoða aðrar heimildir um sögu byggðar.

Eins og áður sagði er líklegast að byggð á kirkjújörðum hafi hafist fyrir árið 1000, en sóknarkirkjur voru á Krossi, Voðmúlastöðum, Skúmstöðum og í Fljóti en ekki er vitað hvar sú jörð var. Talið er að bænhús hafi verið á Kirkjulandi og í Stóru-Hildisey og vitað er um bænhús á Álfhólum. Útkirkjur voru á landnámsjörðinni Ljótastöðum, í Fíflholti, Ey og Forsæti.

Fjögur kuml hafa fundist í Landeyjum, tvö við Hemlu, eitt við Gamla-Berjanes og annað nálægt Strönd. Einnig eru gamlar sagnir um hauga fornanna, svo sem Kana, Búða, Skíða, Fífils og leiði í Akurey en ekki er hægt að taka slíkar sagnir sem sannanir fyrir fornri byggð á sama hátt og kumlafundi. Má því leiða líkum að því að á 10.–11. öld hafi byggð verið hafin í Hildisey, Hallgeirsey, Ljótastöðum, Krossi, Voðmúlastöðum, Skúmstöðum, Kirkjulandi, Álfhólum, Fíflholti, Ey, Forsæti, Hemlu, Berjanesi og Strönd (eða Strandarhöfði).

Í Njálssögu er Bergþórshvols getið sem og Ossabæjar, Berjanes og Álfhóla,<sup>33</sup> sem bendir til þess að þessar jarðir hafi verið byggðar fyrir 1270. Uppgröfturinn á Bergþórshvoli sýndi að þar hefur verið samfelld byggð frá 10. öld að minnsta kosti. Aðrar ritaðar heimildir sem gætu gefið vísbendingar um byggðapróun á miðöldum eru ekki miklar og þeirra helstar eru kirkjumáldagar. Til er máldagi kirkjunnar í Ey sem tímasettur er til 1179 og er þar getið um Strandarhöfuð,<sup>34</sup> og í máldaga Oddakirkju frá 1270 er jörðin Hólmar nefnd sem og Bergþórshvoll.<sup>35</sup> Í máldaga Breiðabólstaðarkirkju frá 1332 er getið um Úlfsstaði syðri og efri,<sup>36</sup> og í máldaga Holtskirkju frá sama ári er jörðin Bakki nefnd.<sup>37</sup> 1363 eru Önundarstaðir nefndir í rekaskrá kirkjunnar á

---

<sup>32</sup> Haraður Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 435-436.

<sup>33</sup> ÍF XII, 56, 161, 247,325

<sup>34</sup> DI I, 257.

<sup>35</sup> DI II, 86-88

<sup>36</sup> DI II, 688

<sup>37</sup> DI VI, 329-330

Breiðabólstað.<sup>38</sup> Árið 1439 er Bryggna getið í gjafabréfi kirkjunnar í Kálfholti<sup>39</sup> og einnig er Lágafells getið í sölubréfi frá 1475.<sup>40</sup> Þær jarðir sem ekki er getið um fyrr en á 16. öld eru Skíðbakki, Sel, Litla-Hildisey, Miðey, Stóra Fit (í eyði frá 1690) og Snotra. Flest lögbylí sem ekki eru nefnd í skjölum fyrr en á 17. eða 18. öld eru líklega byggð miklu fyrr og má ætla þar út frá dýrleika jarðanna, landamerkjum og hjáleigum sem hafa byggst út frá þeim. Slíkar jarðir eru til dæmis Búðarhóll, Arnarhóll, Akurey, Kálfstaðir, Siglufík, Skeggjastaðir, Klasbarðajarðir, Tungujarðir, Þúfa, Sperðill og Hólsjarðir.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði fyrir 1847.

Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð	Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð
RA-084:012	Þorkelsstaðir	fyrir 1270	RA-123:017	Vestrit	fyrir 1700
RA-084:014	Hlaðhjáleiga	ekki vitað	RA-123:018	Eiríksfit	fyrir 1680
RA-084:025	Toppús	um 1827	RA-125:014	Bryggna hjál.	fyrir 1690
RA-093:010	Árnatóft	ekki vitað	RA-125:017	Steingrímsg.	fyrir 1702
RA-094:012	Úlfsstaðakot	1917-1938	RA-127:022	Borgarhóll	19. öld
RA-094:025	Kolbeinsborg	ekki vitað	RA-125:018	Helgutótt	um 1870
RA-095:010	Helgutóft	ekki vitað	RA-131:016	Hildiseyjarhjal.	fyrir 1762
RA-097:025	Vorsabæjarhjal.	til 1700	RA-139:008	[nafnlaus]	fyrir 1709
RA-097:008	Höskuldargerði	1650-?	RA-149:028	Hagi	1910-1915
TA-098:009	Hólmsk. eystri	fyrir 1700	RA-151:015	Hemluhjáleiga	ekki vitað
RA-104:007	Selshj. syðri	um 1670-1697	RA-152:010	Strandarh. hjál.	fyrir 1690
RA-110:012	Vatnskot	um 1709	RA-153:009	Brandshjáleiga	fyrir 1700
RA-113:004	Rofakot	á 19. öld	RA-153:010	Einarshjáleiga	um 1660-1701
RA-116:012	Nes	ekki vitað	RA-153:011	Stekkjargerði	til 1680
RA-118:014	Bakkahjáleiga	til 1824	RA-153:012	Stórholt	til 1680
RA-118:015	Tobbahjáleiga	um 1699-1704	RA-153:013	Gamlasel	til 1670
RA-119:008	Önundarst. hj. e.	fyrir 1683-?	RA-154:009	[nafnlaus]	ekki vitað
RA-119:009	Önundarst. hj. v.	fyrir 1709	RA-155:009	Þórutættur	fyrir 1900
RA-119:010	Naust	fyrir 1709	RA-161:008	Bjarnahjáleiga	fyrir 1690
RA-120:003	Rimakotshjal.	fyrir 1650	RA-164:002	Brikatóft	fyrir 1691
RA-120:004	Stakkholt	1398/1475-1670	RA-167:010	Bjarnahjáleiga	fyrir 1693
RA-123:016	Brinkafit	fyrir 1670	RA-167:011	Snorrahjáleiga	fyrir 1700

<sup>38</sup> DI II, 188-189

<sup>39</sup> DI IV, 584

<sup>40</sup> DI V, 790-792



Eins og víðar á svæðinu má greina blómlega hjáleigubýggð frá miðri 17. öld fram á þá 18. en þá fækkar býlunum mikið og til fárra er stofnað á 19. öld. Byggð hefur þó haldist nokkuð stöðug á flestum gömlu lögbýlunum fram á þessa öld.

### *Fljótshlíð:*

Af fimm landnámsmönnum í Fljótshlíðarhreppi námu fjórir land utan svæða þar sem byggðin varð blómlegust og hafa bæjarstæði þeirra farið í eyði snemma. Þórólfur Asksson nam land að ráði Ásgerðar systur sinnar fyrir vestan Fljót milli Deildaráa tveggja og bjó í Þórólfsfelli.<sup>41</sup> Ekki er ljóst um mörk þessa landnáms, sérstaklega vegna þess að örnefni tengd því hafa týnst. Fellið er enn til og heldur nafni sínu en innan við landnámið kemur helst Gilsá til greina sem Innri Deildará. Um Ytri Deildará leikur meiri vafi, koma þar til greina Þórólfsá og jafnvel Bleiksá eða Marðará, en Haraldur Matthíasson telur mestar líkur á að Þórólfsá hafi verið landamörkin.<sup>42</sup> Bústaður hans var líklega rétt vestan við fellið. Þórólfsfell var innan marka jarðarinnar Fljótsdals en tilheyrir nú afrétt Fljótshlíðinga.

Sighvatur Rauði nam í landnámi Hængs fyrir vestan Markarfljót, Einhyrningsmörk fyrir ofan Deildará og bjó hann í Bólstað. Sturlubók og Hauksbók segja hann hafa farið að ráði Hængs en Melabók telur hann hafa verið sjálfstæðan landnámsmann.<sup>43</sup> Hann nam land á mótis við Þórólf í Þórólfsfelli. Rúst er á Einhyrningsflötum en ekki er öruggt að það sé Bólstaður Sighvats. Páll Sigurðsson í Árkvörn hefur allt aðra kenningu um landnám Sighvats. Hann taldi að það sé ritvilla að hann hafi numið Einhyrningsmörk, heldur eigi það að vera Þríhyrningsmörk. Hann hafi komið út síðar en Hængur og Baugur og leitað til Hængs um landnám. Ketill hafi því sneitt af landnámi annarra fyrir Sighvat sem hafi byggt bæ á takmörkum milli Hængs og Baugs, á Breiðabólstað í Fljótshlíð. Ytri merki landnáms þessa hafi því

---

<sup>41</sup> ÍF I, 344.

<sup>42</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 416

<sup>43</sup> ÍF I, 348-349



verið hreppamót milli Hvolhrepps og Fljótshlíðar.<sup>44</sup> Erfitt að ákvarða nokkuð um þetta og ómögulegt að sanna meintar ritvillur. Að minnsta kosti er líklegt að Breiðabólstaður hafi byggst snemma, því þar var kirkja og snemma stórbýli.

Jörundur goði, sonur Hrafnar heimiska, byggði fyrir vestan Fljót á Svertingsstöðum og reisti þar hof mikið. Bjór lá ónuminn fyrir austan Fljót milli Krossár og Jöldusteins og lagði Jörundur það land til hofsins.<sup>45</sup> Enginn veit hvaða landsvæði landnám hans náði yfir og sennilega er hluti þess innan Eyjafjallahrepps. Bæjarstaðið Svertingsstaðir er týnt, en margir hafa talið að býlið hafi verið á Markarfljótsaurum. Haraldur Matthíasson telur bjórinn ónumda hafi verið landið sunnan Krossár frá Jökulsá og inn í botn Krossárdals. Innan þessa svæðis eru Teigstungur, Múlatungur og Goðaland. Eigendur þessara afrétta eru allt bæir í Fljótshlíð: Teigur, Eyvindarmúli og Breiðabólstaður. Gæti þetta bent til þess að landnám Jörundar hafi verið á Markarfljótsaurum niður af bæjum í Fljótshlíð en bæir þar hafi síðan eignast land Svertingsstaða eftir að jörðin varð óbyggileg vegna ágangs fljótsins.<sup>46</sup>

Þorkell bundinfóti nam land að ráði Hængs umhverfis Þríhyrning og bjó undir fjallinu segir í Sturlubók og Hauksbók en Melabók segir hann hafa verið sjálfstæðan landnámsmann.<sup>47</sup> Ekki er ljóst hver mörk landnámsins hafa verið. Haraldur Matthíasson telur Fiská hafa verið í mörkum að norðan og norðvestan. Að suðaustan telur hann mörkin hafa verið um hæðirnar, sem eru upp af Fljótshlíð og hafi Þorkell þar numið til móts við Baug. Að suðvestan hafa mörk Þorkels legið við land Ketils hængs.<sup>48</sup> Rústir eru undir Þríhyrningi og hafa menn talið bæ Þorkels hafa staðið þar. Erfitt að meta heimildagildi þessarar sagnar, víst er vitað að menn bjuggu snemma langt inn til landsins, samanber byggð í Þórsmörk. Ef taka má sagnir Sturlubókar og Hauksbókar fram yfir Melabók má sjá að Sighvatur og Þorkell numu land í landnámi

---

<sup>44</sup> PS: “Um forn örnefni” StSÍ II, 501-502.

<sup>45</sup> ÍF I, 350-351

<sup>46</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 429

<sup>47</sup> ÍF I, 350-351.

<sup>48</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 430-432.

Ketils hængs og því hefur það ráðið staðsetningu þeirra. Ketill hefur þá komið til landsins á undan þeim.

Baugur Rauðsson var fóstbróðir Ketils Hængs og nam hann Fljótshlíð alla að ráði Ketils frá Breiðabólstað til móts við Hæng og bjó að Hlíðarenda í miðju landnámi sínu.<sup>49</sup> Hlíðarendi á land niður í Dímon og eru þar sveitamörk Fljótshlíðar og Eyjafjallahrepps og hafa mörk landnáms Baugs sennilega náð þangað, það hefur náð yfir nær allar jarðir í hreppnum.<sup>50</sup> Ef marka má þessar sagnir er líklegast að Ketill og Baugur hafi numið land á undan Sighvati og Þorkatli og Ketill úthlutað þeim landi þar sem hann hafði af nógu af taka eins og sjá má síðar. Ósennilegt er að menn hafi numið land á Einhyrningsflötum og við Þórólfsfell á meðan hin blómlega sveit í hlíðinni stóð enn til boða.

Sóknarkirkjur í hlíðinni voru þrjár, í Eyvindarmúla, Teigi og Breiðabólstað og eru það jarðirnar sem eiga aftrétt í Þórsmörk, hvort sem það stafar af því að þær hafi fengið hluta af landnámi Jörundar eða einhverjum öðrum ástæðum. Eins og áður sagði er sennilegt að byggð hafi hafist snemma á jörðum þar sem kirkjur voru. Útkirkjur voru í Hlíðarenda, á Kirkjulæk, Lambey sem og á Þorvarðarstöðum en talið er að það sé sama jörð og síðar hét Torfastaðir og var skipt upp. Síðar var bænhús á annarri Torfastaðjarðanna sem og í Þverá og Vatnsdal.

Engin kuml hafa fundist í Fljótshlíð en víða eru sagnir um leiði fornanna. Frægast þeirra er auðvitað Gunnarshaugur en tvennum sögum fer af staðsetningu hans. Einnig eru nefndir haugar Lamba, Geirs og Barkar ásamt haugi undir Þríhyrningi. Fyrir utan Hlíðarenda og Sámsstaði er ekki getið um býli í Fljótshlíð í Njálssögu.<sup>51</sup> Nokkuð er um að jarðir í Fljótshlíð séu nefndar í fornum skjölum, en eins og víðast er það þá yfirleitt í máldögum kirkna. 1270 er Stóra-Kollabæjar getið í máldaga Oddakirkju.<sup>52</sup> Í máldaga Teigskirkju frá árinu 1332 er getið um Butru,<sup>53</sup> sama ár er

---

<sup>49</sup> ÍF I, 345-353.

<sup>50</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 433; PS: “Um forn örnefni” StSÍ II, 501

<sup>51</sup> ÍF XII, 248.

<sup>52</sup> DI II, 86-88.

<sup>53</sup> DI II, 686-687.

Arngeirsstaða, Lambeyjar og Vatnsdals getið í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað.<sup>54</sup> Þorvarðarstaða er fyrst getið 1367,<sup>55</sup> en það er sennilega sama jörð og Torfastaðir. Árið 1480 er Núps getið í máldaga Breiðabólstaðakirkju,<sup>56</sup> en árið 1519 er Tungu getið í umboðsbrefi.<sup>57</sup> Í virðingagjörð á eignum Vigfúsar Erlendssonar frá árinu 1521 er getið um Barkarstaði, Heylæk og Grjótá.<sup>58</sup>

Flest lögbýli sem ekki eru nefnd í skjölum fyrr en á 17. eða 18. öld eru líklega byggð miklu fyrr og má ætla þar út frá dýrleika jarðanna, landamerkjum og hjáleigum sem hafa byggst út frá þeim. Heimildir geta um byggð á flestum lögbýlum í Fljótshlíðinni á miðöldum fyrir utan Lambalæk, Kvoslæk, Kotmúla, Fljótstal og Flókastaði sem sennilega hafa verið komnir í byggð löngu fyrir 1710. Einnig er líklegt að fjöldi hjáleigna hafi byggst snemma í þessari blómlegu sveit þó að þær komi ekki við sögu í heimildum fyrir en með ritun jarðabókar 1710.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði fyrir 1847.

Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð	Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð
RA-177:015	Innra Stekkjartún	fyrir 1710	RA-185:007	Réttarhús	fyrir 1813
RA-178:013	Borg	1694-1695	RA-191:014	Gambranes	fyrir 1805
RA-178:014	Barkarstaðahj.	um 1680-1685	RA-193:013	Ámundakot	um 1682-1710
RA-179:013	Ormskot	fyrir 1710	RA-194:011	[nafnlaus]	um 1670
RA-179:015	Bakkakot	1680-?	RA-194:012	Bolaenni	um 1650
RA-179:016	Háeyri	um 1816	RA-194:013	[nafnlaus]	um 1670
RA-179:017	Skarð	til 1816	RA-194:016	Bústaðir	ekki vitað

<sup>54</sup> DI II, 687-689.

<sup>55</sup> DI III, 216

<sup>56</sup> DI VI, 332.

<sup>57</sup> DI VIII, 681.

<sup>58</sup> DI VIII, 798.

RA-196:026 Kiðhús	ekki vitað	RA-213:013 Ólafshjáleiga	um 1650-1690
RA-197:009 Búastaðir	ekki vitað	RA-214:002 Vetrarveita	1689-1692
RA-197:014 Jónssel	fyrir 1710	RA-215:007 [nafnlaust]	ekki vitað
RA-201:017 Arngæirsstaðah.	fyrir 1695	RA-216:013 Torfast.hjál.	fyrir 1650
RA-201:018 Tungukot	á 19. öld	RA-218:006 Sámsstaðahjál.	ekki vitað
RA-202:014 Tungukot	fyrir 1700	RA-221:010 Hryggvöllur	fyrir 1752
RA-202:017 Undir Þríhyrn.	ekki vitað	RA-221:011 Sverriskot	um 1739
RA-202:021 Gláma	19. öld	RA-221:013 Litla-Árnagerði	fyrir 1698
RA-202:025 Broddastaðir	ekki vitað	RA-221:014 Tobbatóftir	fyrir 1660
RA-213:011 Engidalur	fyrir 1670	RA-221:016 Grænaborg	1825-1831
RA-213:012 Krummatóftir	fyrir 1710	RA-643:001 Undir Einhyrn.	ekki vitað

Af þeim 36 býlum sem hér eru talin er vitað að 22 voru í byggð í kringum 1700 en aðeins 6 í byggð á 19. öld. Þetta er sama mynstur og sjá má til dæmis í Landeyjum og ljóst að á 18. öld hefur dregið mikið úr hjáleigubýggð.

### *Hvolhreppur:*

Samkvæmt Landnámabók nam Ketill hængur öll lönd milli Þjórsár og Markarfljóts, einkum landið milli Rangár og Hróarslækjar allt fyrir neðan Reyðarvatn og bjó hann að Hofi. Hann nam einnig öll lönd fyrir austan Rangá eystri og Vatnsfell til lækjar þess er fellur fyrir utan Breiðabólstað allt fyrir ofan Þverá nema Dufþaksholt og Mýrina en það land gaf hann Dufþaki nokkrum.<sup>59</sup> Landnám Ketils er hluti Rangárvalla, allur Hvolhreppur og lítil rönd vestan af Fljótshlíðarhepp. Mestu af landi sínu skipti Hængur milli barna sinna,<sup>60</sup> og má nefna að Stórólfur Hængsson bjó á Hvoli.<sup>61</sup>

Mörgum hefur þótt landnám Ketils full stórt og hafa menn talið að réttari landnámslýsing væri að hann hafi numið land milli Rangár og Hróarslækjar fyrir neðan Reyðarvatn og utan Breiðabólstaðar. Af Sturlubók og Hauksbók má ráða að Ketill hafi numið alla Fljótshlíð og inn af henni Einhyrningsmörk allt inn til óbyggða. Hann hafi síðar gefið Baugi Fljótshlíð fyrir ofan Breiðabólstað, en Sighvati rauða Einhyrningsmörk. Það kemur hins vegar illa saman við landnám Þórólfs asks. Af Melabók má ráða að allir þrír hafi verið sjálfstæðir landnámsmenn en þar eru takmörk landnámana þau sömu. Það sama má segja um Þorkel bundinfót sem ritara

<sup>59</sup> ÍF I, 347.

<sup>60</sup> PS: “Um forn örnefni” StSÍ II, 500

<sup>61</sup> ÍF I, 355

Sturlubókar og Hauksbókar telja að hafi numið land umhverfis Þríhyrning að ráði Ketils hængs en höfundur Melabókar telur hann sjálfstæðan landnámsmann. Einnig segir það sama um Dufþak en í Melabók eru hann sjálfstæður landnámsmaður, leysingi systkinanna sem námu Landeyjar.<sup>62</sup> Lítið er um þessa frásögn að segja en ljóst að snemma hefur Ketill hængur farið að sneiða af landnámi sínu. Aðeins er vitað um tvö kuml í Hvolhreppi, á Stóra Moshvoli og í Dufþaksholti sem sannar enn frekar forna byggð þar. Nokkrar sagnir eru um fornmannaleiði, svo sem legstaði Móeiðar, Dufþaks, Stórólfs og Þóru.

Sóknarkirkjan var á Stórólfsvoli, útkirkjur voru á Völlum, Efra-Hvoli og Velli, bænhús var á Móeiðarhvoli. Ljóst er að jarðir í Hvolhreppi koma ekki mikið við sögu í öðrum miðaldarskjölum en máldögum. Uppsala, Bergvaðs og Langagerðis er getið í máldaga Oddakirkju frá 1270. Í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað frá árinu 1332 er Brekkna og Þórunúps getið.<sup>63</sup> Vindáss og Miðhúsa er getið 1399.<sup>64</sup> Árið 1495 er Kotvallar getið í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað.<sup>65</sup> Eystri Garðsauka getið 1519 í afhendingarbréfi.<sup>66</sup>

Flest lögbýli sem ekki eru nefnd í skjölum fyrr en á 17. eða 18. öld eru líklega byggð miklu fyrr og má ætla þar út frá dýrleika jarðanna, landamerkjum og hjáleigum sem hafa byggst út frá þeim. Þær jarðir sem sennilega hafa byggst frekar á miðöldum eru Vestri Garðsauki og Árgilsstaðir, síðar má ætla að hjáleigur og jarðir eins og Miðkriki, Skeið og Giljar hafi byggst.

---

<sup>62</sup> ÍF I, 347, 355

<sup>63</sup> DI II, 687-689

<sup>64</sup> DI III, 647.

<sup>65</sup> DI VII, 269-270

<sup>66</sup> DI VIII, 681.



Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru mjög fáir staðir í Hvolhreppi þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði fyrir 1847.

Nr. fornl. nafn býlis	í byggð	Nr. fornl. nafn býlis	í byggð
RA-237:005 Fásakot	fyrir 1660	RA-255:012 Djúpidalur	fyrir 1900
RA-245:009 Eriill	ekki vitað	RA-255:016 Ormsvöllur	ekki vitað
RA-247:021 Borgartún	ekki vitað	RA-255:018 [nafnlaust]	ekki vitað
RA-248:011 Austurhjal.	18. öld	RA-255:022 [nafnlaust]	ekki vitað
RA-255:011 Þinghóll	fram á 20. öld	RA-255:027 Birga	ekki vitað

Ólíkt sveitunum hér að framan má ekki greina ris í hjáleigubýggð í Hvolhreppi um 1700 og greinilegt er að lítið hefur verið um afbýli þar. Ljóst er að ekki hefur þótt fýsilegur kostur að byggja þar, sennilega hefur landrými verið af skornum skammti.

### *Rangárvellir:*

Eins og áður sagði er bróðurpartur Rangárvallahrepps innan landnáms Ketils Hængs sem bjó á Stóra Hofi. Eilífur nam Odda hinn litla upp til Reyðarvatns og Víkingslækjar.<sup>67</sup> Víkingslækur rennur úr Víkingslækjarheiði og í Ytri-Rangá skammt ofan við Heiði á Rangárvöllum. Að sögn Haraldar Matthíassonar er einkennilegt að miða við Reyðarvatn því landnámið hafi náð 5-6 km. upp ofan við vatnið. Litli-Oddi er á milli Hróarslækjar og Ytri-Rangár og eru þau mörk glögg báðumegin. Þótt varðveist hafi tóftir með nafninu Litli-Oddi eru ekki allir sannfærðir um að þar hafi bústaður Eilífs verið. Haraldur Matthíasson telur að það sé nafn á landnáminu en ekki bæjarstæðinu; einnig má vera að bæjarstæðið sé eytt því mikil landeyðing er á þessu svæði.<sup>68</sup>

Aðrar frásagnir af landnámi á Rangárvöllum eru óljósar. Flosi Þorbjarnarson nam land fyrir utan Rangá, alla eystri Rangárvelli.<sup>69</sup> Flosi virðist hafa numið upp frá landi Eilífs og Ketils hængs, þ.e. frá efsta hluta Hróarslækjar eða Reyðarvatns. Síðan

---

<sup>67</sup> ÍF I, 356.

<sup>68</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 437-438.

<sup>69</sup> ÍF I, 363-365.

virðist hann láta þrjá landnámsmenn fá allt land sitt, Björn, Þórunni og Þorstein.<sup>70</sup> Björn bjó í Svínhaga og nam land upp með Rangá, upp frá Víkingslæk.<sup>71</sup> Þorsteinn Ásgrímsson nam land á Rangárvöllum ofan Víkingslækjar til móts við Björn í Svínhaga og bjó í Skarði hinu Eystra. Landnám Þorsteins hefur verið stórt. Þórunn móðursystir hans nam Þórunnarhálsa alla, og eru þeir í landi Næfurholts.<sup>72</sup> Í Hauksbók er greint frá brúðakaupi sem haldið var í Skarfanesi hjá Flosa sem átti lönd milli Þjórsár og Engár. Hauksbók segir samt síðar frá landnámsmanninum Flosa á sama hátt og Sturlubók.<sup>73</sup> Má líta á þetta sem svo að Flosi hafi fyrst numið land á Rangárvöllum, látið allt landsvæðið af höndum, síðan fengið efri hlutann af landnámi Ketils einhenda, afa konu sinnar, og flutt í Skarfanes þar sem hann hélt brúðkaup Þuríðar systur sinnar.<sup>74</sup>

Kollur nam land fyrir austan Reyðarvatn og Stokkalæk fyrir vestan Rangá og Tröllaskóg og bjó að Sandgili. Að ofan hefur landnám hans náð út að landi Þorsteins en mörkin eru óljós. Frekar ósennilegt er að höfðingjar hafi búið lengi á Sandgili þar sem alltaf var vatnsskortur. Höfuðbólið Keldur er innan landnámsins og líklegt að þar hafi byggð hafist snemma. Þorgeir bróðir Þorsteins keypti land af Hrafni Hængssyni, Oddalönd og báðar Strandir auk Varmadals og land milli Rangár og Hróarslækjar. Erfitt er að átta sig á mörkum landnámsins, því land er flatt og engin glögg kennileiti að miða við.<sup>75</sup> Hrólfur rauðskeggur nam Hólmslönd milli Fiskár og Rangár og bjó á Forsi.<sup>76</sup> Landnámsbærinn Fors er sennilega sami bærinn og nú heitir Rauðnefsstaðir rétt við fossinn. Hólmslönd tilheyra Rangárvöllum þó að þau séu austan Rangár.<sup>77</sup> Fátt er við frásagnir Landnámu að athuga og best að skoða fleiri heimildir um byggðapróun til glöggvunar.

---

<sup>70</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 439.

<sup>71</sup> ÍF I, 356.

<sup>72</sup> ÍF I, 360-363.

<sup>73</sup> ÍF I, 351, 362-363.

<sup>74</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 449.

<sup>75</sup> ÍF I, 356, 360; Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 440

<sup>76</sup> ÍF I, 358.

<sup>77</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 442-443

Kuml hafa fundist í Lambhaga, á Stóra-Hofi, við Knafahóla, í Tröllaskógi, í landi Árbæjar, í Gunnarsholti og á Grafarbakka. Sagnir um forna legstaði eru meðal annars Brynjuhóll, Simbarimi, Kjálki, Mördur, Rauðnefshóll. Í Stóra Hól og Gaddastöðum hafa fundist mannabein en ekki er víst að það hafi verið heiðnir legstaðir. Sóknarkirkjur í Rangárvallahreppi voru á Stóra-Hofi, Keldum, Eystra-Skarði, Næfurholti, Gunnarsholti og í Odda. Bænhús voru á Reynifelli, Þorleifsstöðum, Reyðarvatni vestra og Heiði en útkirkjur voru á Geldingalæk og Kirkjubæ eystra, en þar er einnig getið um byggð í Landnámu og Njálssögu. Einnig er talið líklegt að kirkja eða bænhús hafi verið í Tröllaskógi.

Því má gera ráð fyrir að fyrir 1000 hafi byggð hafist á Stóra-Hofi, ef til vill Litla-Odda, Svínahaga, Tröllaskógi, Grafarbakka, Skarði Eystra, Næfurholti, Sandgili og Rauðnefsstöðum, Keldum, Gunnarsholti, Odda, Reynifelli, Þorleifsstöðum, Reyðarvatni, Kirkjubæ, Geldingalæk og Heiði þótt þessara bæja sé ekki getið fyrr en í fyrsta lagi um 1200. Þrátt fyrir að kuml hafi fundist í landi Árbæjar sannar það ekki forna byggð á þeirri jörð því að í landi hennar er mikið af eyðibýlum og kumlið gæti verið leifar forns bónda þáðan.

Í rituðum heimildum er að finna allmikið af upplýsingum um byggð á Rangárvöllum. Í Njálssögu sem talin er rituð um 1270 er getið um byggð í Stotalæk sem er sennilega sama jörð og Stokkalækur.<sup>78</sup> Í máldaga Oddakirkju frá 1270 er getið um Fróðholt tvö, Galtarholt, Strönd, Minna Hof, Steinkross, Helluvað (Gröf), Gaddastaði, Varmadal, Selalæk, Víkingslæk (lækjar með sama nafni er þó getið í Landnámu).<sup>79</sup> Í máldaga sömu kirkju frá 1332 er ennfremur getið um Uxahrygg (gæti verið sama og Fjósland sem getið er um 1270). Sama ár er Kornbrekkna getið í máldaga sem hjáleigu Gunnarsholts.<sup>80</sup> Í biskupaannálum Jóns Egilssonar er þess getið að á árunum 1437-1447 hafi byggð í Dagverðarnesi eyðst í eldgosi.<sup>81</sup> Árið 1475 er fyrst getið um Vestari Kirkjubæ og Brekkur svo öruggt sé.<sup>82</sup> Sama ár er getið um

---

<sup>78</sup> ÍF XII, 147

<sup>79</sup> DI II, 86-88.

<sup>80</sup> DI III, 692

<sup>81</sup> Jón Egilsson: "Biskupa- annálar Jóns Egilssonar", 70

<sup>82</sup> DI V, 790-792

Árbæ í kaupbréfi en það er ef til vill falsbréf og er því ekki til örugg heimild um byggð þar fyrir en árið 1641 í visitasúbók Brynjólfs biskups Sveinssonar.<sup>83</sup> 1492 er Ketilhúshaga fyrst getið í bréfi.<sup>84</sup> Í máldaga Oddakirkju frá 1553 er getið um Hátún og Oddahól.<sup>85</sup> 1546 er jörðin Foss ræfnd í kaupbréfi.<sup>86</sup> Bolholts er ekki getið fyrir en 1580.<sup>87</sup>

Flest lögbýli sem ekki eru nefnd í skjölum fyrir en á 17. eða 18. öld eru líklega byggð miklu fyrir og má ætla þar út frá dýrleika jarðanna, landamerkjum og hjáleigum sem hafa byggst út frá þeim. Heimildir geta um byggð á öllum lögbýlum í Rangárvallahreppi á miðöldum fyrir utan Haukadal sem sennilega hefur verið kominn í byggð löngu fyrir 1710. Einnig er ljóst að mikið af hjáleigum hafa byggst strax á miðöldum þótt þeirra sé ekki getið fyrir en í jarðabók 1710.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði fyrir 1847, þá oftast sökum landeyðingar.

Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð	Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð
RA-266:002	Stígstótt	ekki vitað	RA-277:010	Melakot	fyrir 1700
RA-266:007	Markhóll	um 1880	RA-277:022	Gröf	ekki vitað
RA-269:004	Blábringa	1856-1907	RA-277:029	Gíslahjáleiga	18. öld
RA-270:007	Blábringa	ekki vitað	RA-279:010	Hofshjáleiga	fyrir 1700
RA-270:010	Sólrúnartótt	ekki vitað	RA-279:024	[nafnlaus]	ekki vitað
RA-273:013	Langhólar	ekki vitað	RA-279:028	[Sandur]	ekki vitað
RA-273:016	Blábringa	1856-?	RA-279:039	[Draflaleysa I]	ekki vitað
RA-275:002	Lambhagahj.	fyrir 1660	RA-279:040	[Draflaleysa II]	ekki vitað
RA-277:009	Kirkjubæjarhj.	um 1640-1670	RA-281:028	[Alda]	ekki vitað

<sup>83</sup> VS: *Rangvellingabók*, 1-2.

<sup>84</sup> DI VII, 117.

<sup>85</sup> DI XIII, 652-653.

<sup>86</sup> DI XI, 481-482.

<sup>87</sup> Valgeir Sigurðsson: *Rangvellingabók*, 41.

RA-282:007 Króktún	fyrir 1709-1839	RA-293:061 Litla-Selsund	fyrir 1670
RA-282:076 Ártúnstrúst	ekki vitað	RA-294:011 Kanastaðir	fyrir 1700
RA-282:083 Skógarhr.rúst	ekki vitað	RA-294:029 [nafnlaust]	ekki vitað
RA-282:098 Markhólarúst	ekki vitað	RA-296:012 [nafnlaust]	ekki vitað
RA-282:104 Keldnasel yngur.	ekki vitað	RA-296:060 Ás	ekki vitað
RA-282:106 Keldnasel gamlaekki	vitað	RA-296:061 Hraunteigur	um 1864-1870
RA-282:119 Keldnakot	15. öld-?	RA-296:063 Breiðholt	um 1682-?
RA-282:123 Gildra	ekki vitað	RA-296:064 Nýibær	fyrir 1700
RA-282:128 Bugrúst	ekki vitað	RA-299:019 Borgartún	ekki vitað
RA-282:143 Landgil	ekki vitað	RA-302:021 Staðarkot	um 1703-1789
RA-282:144 Hóll	14. öld	RA-302:023 [nafnlaust]	ekki vitað
RA-282:147 Skógslág	18. öld	RA-302:073 Lyngstaður	ekki vitað
RA-282:148 [nafnlaust]	ekki vitað	RA-303:049 Fornubær	ekki vitað
RA-282:040 Holt?	ekki vitað	RA-303-062 Torta	ekki vitað
RA-285:008 Hrappstaðir	ekki vitað	RA-303:079 Hátún	ekki vitað
RA-288:003 Litliskógur	ekki vitað	RA-303:080 Grákollustaðir	ekki vitað
RA-288:004 Hraunkot	ekki vitað	RA-303:081 Staðarkot	fyrir 1788
RA-288:005 Melakot	um 1332-?	RA-303:082 Gunnarsholtshj.v.	fyrir 1700
RA-288:007 [Húsbrún]	ekki vitað	RA-303:084 Gunnarsholtshj.e.	fyrir 1700
RA-288:022 [nafnlaus]	ekki vitað	RA-303:087 [nafnlaust]	ekki vitað
RA-288:025 [Gilbrún]	ekki vitað	RA-304:003 Skrafsgærði	fyrir 1690
RA-288:026 [Árbrún]	ekki vitað	RA-304:004 Hrafnabjörg	fyrir 1876
RA-288:027 [Árholt]	ekki vitað	RA-307:010 Grákollustaðir	15.-17. öld
RA-289:009 Spámannsst.	fyrir 1700	RA-311:028 Núningar	fyrir 1700
RA-289:023 [Miðbotnar]	ekki vitað	RA-311:029 Kampastaðir	ekki vitað
RA-291:007 Kastalabrekka	fyrir 1700	RA-311:030 Dvergasteinn	18. öld
RA-291:008 Ketilsstaðir	fyrir 14. öld	RA-311:031Jónshjáleiga	ekki vitað
RA-293:058 Litliskógur	ekki vitað	RA-662:002 Hraun	15.-16. öld
RA-293:060 Stórisliskógur	ekki vitað	RA-662:003 Tjaldstaðir	13. -14. öld

Flest af stærstu býlunum sem hafa farið í eyði eru í hrauninu suðvestan Heklu þar sem allt er blásið. Þó eru ekki allir á eitt sáttir um staðsetningu býlana né hve stór þau hafa verið. Sem dæmi má nefna að Helgi Þorláksson telur að me nn hafi ýkt umfang og blóma byggðarinnar á Tröllaskógarsvæðinu og láti örnefni eins og Tröllaskóg blekkja sig.<sup>88</sup> Stærð og dýrleiki þessara jarða er ekki aðalatriðið heldur að þarna er svæði þar sem vitað er um forna byggð sem heimildir og kumlafundir sanna og er brýnt að þar verði hafist handa við fornleifaskráningu strax, áður en uppblástur eyðir öllum heimildum um þessa byggð.

Greinilegt er að mikil hjáleigubbyggð hefur verið í Rangárvallahreppi en oftast er ekki vitað hvenær býlin voru í byggð og því ekki hægt að greina ris í þróun hennar.

<sup>88</sup> Helgi Þorláksson: "Byggð við Heklu", 160.



### *Landmannahreppur:*

Að sögn Landnámu nam Ketill einhendi Auðunarson Rangárvelli hina ytri fyrir ofan Lækjarbotna og austan Þjórsár og bjó á Á.<sup>89</sup> Hann hefur numið mestan hluta Landmannahrepps. Þjórsá er á mörkum að norðvestan og að norðan, Ytri-Rangá að suðaustan. Að suðvestan eru mörkin sennilega við Lækjarbotna við Bjallalæk. Haraldur Matthíasson telur að mörkin frá Lækjarbotnum og út í Þjórsá hafa verið um Kolbeinslæk.<sup>90</sup> Bæjarstæði Ketils er í landi Hvamms eða Árbæjar.

Ketill aurriði nam land með Ytri Þjórsá og bjó á Völlum hinum ytri, sem nefnast nú Minnivellir.<sup>91</sup> Haraldur Matthíasson gerir ráð fyrir því að Ketill einhendi hafi látið Ketil aurriða hafa landið. Mörk landnámsins eru ekki nefnd en Haraldur telur að Minnivallalækur séu líkleg landamerki, rennur hann í Þjórsá rétt við Nautavað. Hefur landnámið þá náð niður að Kolbeinslæk, og markar Þjórsá landið að norðvestan.<sup>92</sup>

Ormur auðgi nam land með Rangá að ráði Ketils einhenda og bjó í Húsgarði.<sup>93</sup> Ormur hefur fengið neðsta og austasta hluta af landnámi Ketils einhenda með Rangánni sem markar landamerkin að suðaustan. Suðvesturmörkin hafa sennilega verið á móti Katli einhenda við Bjallalæk, annars eru mörkin milli landnámana óljós.<sup>94</sup> Hann nam efri og eystri hluta Landmannahrepps.

Talið er að Flosi Þorbjarnarson landnámsmaður í Rangárvallahreppi hafi fengið land af Katli einhenda og búið í Skarfanesi. Mörk landnáms hans eru mjög óljós sennilega efri hluta Lands milli Þjórsár og Rangár.<sup>95</sup>

Þorsteinn lunan fór til Íslands gamall maður og nam efri hluta Þjórsárholta með Þorgils syni sínum og bjuggu þeir í Lunansholti. Landnámsmörk þeirra eru ekki ljós. Þjórsárholt eru ekki sama svæði og Holtin eða Holtamannahreppur og er Lunansholt í

---

<sup>89</sup> ÍF I, 364

<sup>90</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 443-444.

<sup>91</sup> ÍF I, 364.

<sup>92</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 446.

<sup>93</sup> ÍF I, 364-366.

<sup>94</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 447.

<sup>95</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 449.

Landmannahreppi. Þjórsárholtin hafa sennilega hafist við Lækjarbotna en önnur mörk landnámsins eru óglögg.<sup>96</sup>

Sóknarkirkjur voru í Ytra-Skarði, á Stóruvöllum, Stóra-Klofa og Leirubakka og má ætla að þar hafi verið byggt á 10. öld, sama má segja um jarðir þar sem útkirkjur voru, svo sem á Fellsmúla, Hvammi, Flagbjarnarholti neðra og Snjallsteinsöfða. Einnig hófst byggð snemma á Kýraugastöðum, Galtalæk, Mörk, Merkiholvi og Eskiholti þar sem bænhús voru. Skarfanés og Lunansholt eru einnig landnámsjarðir sem og Á (í landi Hvamms), Minnivellir og Húsagarður.

Á Landi hefur fundist mikið af kumlum miðað við aðra hreppa í sýslunni. Í landi Fellsmúla, Húsagarðs, Stóra-Klofa, Galtalækjar, Markar og í landi Sels, hjáleigu frá Skarði. Einnig eru sagnir um fornmannahauga Snjallsteins og Lunans. Því má ætla að nokkuð blómleg byggð hafi verið á Landi á 10. öld.

Snjallsteinshöfði er ekki landnámsjörð en hennar er þó getið í Landnámu.<sup>97</sup> Flagbjarnarholts efra, Austvaðsholts, Tjörfastaða, Hrólfsstaðahellis og Holtsmúla er getið í máldaga Oddakirkju frá árinu 1270.<sup>98</sup> Í máldaga Skarðskirkju frá árinu 1332 er getið um jarðirnar Irjar, Hella, Kýraugastaði og Galtalæk.<sup>99</sup>

Flest lögbýli sem ekki eru nefnd í skjölum fyrr en á 17. eða 18. öld eru líklega byggð miklu fyrr og má ætla það út frá dýrleika jarðanna, landamerkjum og hjáleigum sem hafa byggst út frá þeim. Heimildir geta um byggð á flestum lögbýlum á Landi á miðöldum fyrir utan Vindás, Heysholt, Þúfu, Lækjarbotna, Hjallanes og Ósgröf sem sennilega hafa þó verið komin í byggð löngu fyrir 1710. Einnig er ljóst að nokkuð af hjáleigum hafa byggst strax á miðöldum þó að þeirra sé ekki getið fyrir en í jarðabók 1710. Sérkenni byggðaþróunar í Landmannahreppi er fjöldi bæjarhóla á hverri jörð sem orsakast af því hve oft þurfti að færa þá sökum landeyðingar, á mörgum jörðum eru 2-4 bæjarstæði.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld og bæjarhóla þar sem byggð hefur fluttst í burtu vegna sandfoks eru nokkrir staðir þar sem

---

<sup>96</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 459-451.

<sup>97</sup> ÍFI, 353.

<sup>98</sup> DI II, 86-88

<sup>99</sup> DI II, 695-696.

byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði fyrir 1847, þá oftast sökum landeyðingar.

Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð	Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð
RA-434:061	Garðar	fyrir 1897	RA-462:046	Hólakot	fyrir 1691
RA-434:062	Litla-Skarð	fyrir 1850	RA-462:047	Járnlaugarstaðir	fyrir 1874
RA-434:064	Skógarkot	1680-1698	RA-463:005	Kollakot	fyrir 1706
RA-434:065	Stritla	ekki vitað	RA-463:009	Gloppa	ekki vitað
RA-434:066	Eriill	fyrir 1870	RA-466:003	Hóll	fyrir 1934
RA-437:017	Stritla	ekki vitað	RA-466:004	Suðurhjáleiga	til 1785
RA-437:022	Vindás	fyrir 1690	RS-466:005	Réttanes	til 1836
RA-439:012	Norðurhjáleiga	um 1670-1680	RA-468:011	Stampur	til 1834
RA-439:013	Hvammshjál.	fyrir 1680	RA-469:012	Gloppa	ekki vitað
RA-443:039	Minnivallnahj.	fyrir 1695	RA-470:006	Síðunes	ekki vitað
RA-458b:003	Kýraugast.hj.	um 1680	RA-683:024	Frostastaðir	ekki vitað
RA-461:006	[nafnlaus]	ekki vitað	RA-684:014	Ampahóll	1880
RA-462:006	Stóruvallahj.	fyrir 1803			

Af þeim býlum sem vitað er hvenær voru í byggð má sjá að nær jafnmargar hjáleigur voru í byggð fyrir 1800 eins og voru á 19. öld og því er ekki hægt að greina ris í hjáleigubbyggð um 1700 eins og víða annarsstaðar.

### *Holt:*

Í Landnámu segir af bræðrunum Ráðormi og Jólgeiri sem námu land milli Þjórsár og Rangár. Ráðormur eignaðist land fyrir austan Rauðalæk og bjó í Vetleifsholti, en Jólgeir eignaðist land fyrir utan Rauðalæk og til Steinslækjar og bjó hann á Jólgeirsstöðum.<sup>100</sup> Frásagnirnar koma ekki heim og saman því að Jólgeir er aðeins sagður hafa eignast landið að Steinslæk en mikið land er milli Rangár og Steinslækjar. Efri mörk hafa verið við landnám Þorsteins lunans en neðri mörkin eru óljós en ná að landnámi Þorkels Bjálfa.<sup>101</sup> Landnám Jólgeirs er nú nær allt horfið í sand, eina uppblásturssvæðið í Holtum.

Áskell hnokkan Dufþaksson nam land milli Steinslækjar og Þjórsár og bjó í Áskelshöfða.<sup>102</sup> Mörkin að ofan eru óljós, en líklegt má telja að hann hafi numið land

<sup>100</sup> ÍF I, 367

<sup>101</sup> ÍF I, 452-453.

<sup>102</sup> ÍF I, 367.

allt upp að Hjallaneslæk og þýðir það að landnám hans hefur verið mjög stórt, stór hluti hins gamla Holtahrepps. Ekki er vitað hvar Áskelshöfði var en margar tilgátur eru um að bæir sem nú eru í byggð hafi áður heitið Áskelshöfði.<sup>103</sup>

Þorkell Bjálfi nam syðsta hluta Holtahrepps milli sjávar og landnáma Ráðgeirs, Jólgeirs og Áskels og milli Rangár og Þjórsá, og bjó hann í Háfi.<sup>104</sup> Það er stórt og gott landnám og mikið af hlunnindum og innan þess er Þykkvibær þar sem var vísir að þéttbýli og vilja margir kalla það fyrsta sveitaþorpið á Íslandi.<sup>105</sup>

Sóknarkirkjur í Holtum voru á landnámsjörðinni Háfi, Ási, Kálfholti, Haga, Marteinstungu, Árbæ og sennilega á Jólgeirsstöðum en þar er nefnd kirkja í kirknaskrá Páls biskups frá um 1200. Útkirkjur voru í Hamri, á Skammbeinsstöðum og landnámsjörðinni Veteifsholti. Bænhús voru í Akbraut, Stúfholti, Meiritungu, Syðri-Rauðalæk, Efri-Rauðalæk, Litlutungu og jafnvel í Pulu en þar segja gamlar sagnir að kirkja eða bænhús hafi verið og síðan hafi það verið flutt í Tungu sem þá var nefnd Sóttartunga en síðar Marteinstunga. Einnig var bænhús sennilega í Háabæ en þess er aðeins getið í sóknarlýsingu frá 1840.<sup>106</sup>

Ekki eru mörg kuml í Holtum, aðeins tveir staðir þar sem líklegt er að kuml hafi verið, í landi Rauðalækjar efri og Háabæjar. Einnig er Syðri Hamra getið í kumlatali en ekki er talið sannað að það sé kuml. Hins vegar eru margar sagnir um forna legstaði, þ.e. haugur Sigmundar, haugur í landi Háfs, Kötluhóll, Herríðarhóll, Stúfshóll, haugar Kaldólfs og Ölvers. Fornsögur geta ekki margra jarða í Holtum, aðeins er getið um Sandhólaferju, en hennar er einnig getið í máldaga Oddakirkju frá 1332.<sup>107</sup> Króks, Heiðar, Hreiðurs, Guttormshaga, Kaldárhólts, Þverlækjar, Köldukinnar, Hvamms, Lýtingsstaða, Þjóðólfsaga, Ægissíðu, Hrafntófta og Arnkötlustaða er getið í máldaga Oddakirkju frá 1270 og er Efri eða Syðri Hamars sennilega getið í sama máldaga sem og Húsa sem þá hétu Gásahús.<sup>108</sup> Brekkna er ef til vill getið í sama máldaga en

---

<sup>103</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 455.

<sup>104</sup> ÍF I, 368.

<sup>105</sup> Árni Óla: *Þúsund ára sveitaþorp*, 28

<sup>106</sup> SSR, 210

<sup>107</sup> ÍF XII, 52, DI II, 691-692

<sup>108</sup> DI II, 86-88.

jarðarinnar er örugglega getið í máldaga Árbæjarkirkju 1332.<sup>109</sup> 1503 er Ölvaðsholts fyrst getið og árið eftir er Sumarliðabæjar getið í sölubréfi.<sup>110</sup> Hárlaugstaða er ekki getið fyrr en um 1524,<sup>111</sup> og Nefsholts ekki fyrr en 1540.<sup>112</sup> Byggðar í Þykkvabæ verður getið hér á eftir.

Eins og sjá má er flestra lögbýla í Holtum getið á miðöldum og munar þar mestu um máldaga Oddakirkju. Nokkur eru ekki nefnd í skjölum fyrr en á 17. eða 18. öld en eru líklega byggð miklu fyrr og má ætla það út frá dýrleika jarðanna, landamerkjum og hjáleigum sem hafa byggst út frá þeim. Má þar nefna Berustaði, Hamarshól, Herríðarhól, Gíslaholt, Kvíarholt og Saurbæ. Einnig er ljóst að mikið af hjáleigum hafa byggst strax á miðöldum þó þeirra sé ekki getið fyrr en í jarðabók 1710.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði fyrir 1847, utan Þykkvabæjar. Hér má greina fjölgun í hjáleigubyggingu á seinni hluta 17. aldar eins og víða annarsstaðar.

Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð	Nr. fornl.	nafn býlis	í byggð
RA-352:004	Túnhjáleiga	fyrir 1709	RA-377:005	Krókur	1894-?
RA-352:008	Rími	fyrir 1650	RA-377:008	[nafnlaust]	ekki vitað
RA-352:009	Grænhóll	um 1680-1700	RA-380:016	Sæld	um 1660-1700
RA-357:006	Ferjuhjáleiga	um 1680-1707	RA-381:014	Tófubær	ekki vitað
RA-357:012	Burðarholt	ekki vitað	RA-385:006	Guttormshagahj.	um 1660-1670
RA-358:005	Áskot	um 1920	RA-385:008	Borg	ekki vitað
RA-358:012	Geldnautatún	um 1670	RA-387:010	Kot	ekki vitað
RA-358:024	Ásgarður	1908-1915	RA-387:013	Krosshús	um 1685
RA-373:010	Hamraholt	1861-1879	RA-390:009	Kaldárholtshj.	um 1658-1673
RA-375:007	V-Kálfholtsh.	um 1680-1706	RA-383:010	Vesturhjáleiga	um 1660-1700
RA-375:008	Fífílbrekka	1912-1921	RA-393:012	Hjáleiga	1928-1942
RA-375:009	Þjórsártún	1898-?	RA-393:024	Eystri-Hjáleiga	17. öld
RA-377:004	Króksbjalla	1869-1894	RA-395:012	Vakurstaðir	fyrir 1700

<sup>109</sup> DI II, 86-88.

<sup>110</sup> DI VII, 635, 715.

<sup>111</sup> DI IX, 256.

<sup>112</sup> DI X, 501.



RA-399:006 Hafursholt 1861-1886  
 RA-404:007 Mói 1897-1902  
 RA-410:025 Ranakot ekki vitað

RA-424:008 Lambhúsholt um 1803  
 RA-424b:002 Pétursbýli fyrir 1670

Byggðasaga í Holtum er um margt ólík öðrum svæðum á Íslandi vegna þeirrar þéttbýlismyndunar sem varð í Þykkabæ sem á sér fáar hliðstæður hér á landi. Líkur eru á því að fornt kuml hafi verið við Háabæ sem bendir til þess að byggð hafi verið komin þar þegar á 10. öld og einnig var bænhús sennilega á Glæsi í landi Háabæjar. Þykkabæjar er fyrst getið í máldaga Oddakirkju frá 1270.<sup>113</sup> Að sögn Svavars Sigmundssonar, forstöðumanns Örnefnastofnunar, þýðir orðið Þykkvibær þéttbýli og því má ætla að þéttbýli hafi verið þar strax á 13. öld. Annars er Háabæjar fyrst getið í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín árið 1709 og segja þeir jörðina vera aðalbýlið í Þykkvabæ og má því ætla að jörðin hafi byggst snemma. Árið 1847 var jörðinni skipt í 34 býli (RA-318-351) en einnig eru skráð fjölmörg hjábýli og fer hér á eftir yfirlit yfir þau. Að vísu má ætla og mörg býli séu tvískráð því þau skiptu oft um nöfn.

Nr. fornl. nafn býlis	í byggð	Nr. fornl. nafn býlis	í byggð
RA-318:003 Syðstibakki	f. 1709-1825	RA-318:025 Norðurkot	ekki vitað
RA-318:004 Miðbakki	um 1709	RA-318:026 Vesturkot	ekki vitað
RA-318:005 Efstibakki	um 1709	RA-318:027 Árnagerði	ekki vitað
RA-318:006 Vestasta ...	um 1709	RA-318:018 Gata	ekki vitað
RA-318:007 Útgarður	um 1709	RA-318:029 Önnutóft	fyrir 1709
RA-318:008 Auðnhóll	um 1709	RA-318:030 Glæsir	fyrir 1890
RA-318:009 Þorbjarnark.	um 1709	RA-318:031 Einkofi	1810-1818
RA-318:010 [nafnlaust]	fyrir 1700	RA-318:032 Gljábær	1890-1896
RA-318:011 Oddskot	um 1709	RA-318:033 Vallarhús	1916-1931
RA-318:012 Auðnhólshjál.	um 1670-1675	RA-320:003 Útgarður	ekki vitað
RA-318:013 Valahraun	um 1709	RA-322:006 Tjarnarkot	ekki vitað
RA-318:014 Rúnakot	um 1709	RA-323:005 Harðhaus	ekki vitað
RA-318:015 [nafnlaust]	um 1709	RA-324:003 Litla-Rimakot	19. öld
RA-218:016 Gunnupartur	fyrir 1709	RA-324:007 Ögmundarkot	ekki vitað
RA-318:017 Vesturholt	fyrir 1709	RA-325:004 Grenshóll	um 1640-1816
RA-318:018 Nýlenda	um 1762	RA-325b:005 Litli-Hraukur	til 1901
RA-318:019 Megin	um 1832-1844	RA-325b:006 Hraunstún	til 1915
RA-318:020 Afakot	um 1791-1820	RA-325b:007 Tjarnarkot	til 1946
RA-318:021 Jónskot	um 1795-1844	RA-325b:008 Stekkjarholt	ekki vitað
RA-318:022 Melurinn	um 1854-1859	RA-329:002 Halakot	ekki vitað
RA-318:023 Ísólfsskáli	ekki vitað	RA-332:002 Magnahjáleiga	fyrir 1700
RA-318:024 Kólga	1898-1905	RA-335:002 Borgartúnshjál.	f. 1700, 1866-73

<sup>113</sup> DI II 86-88

RA-335:003 Gróukot fyrir 1708  
 RA-336:002 Ögmundarpar. fyrir 1690  
 RA-345:004 Tjörn ekki vitað  
 RA-348:002 Efsti-Bakki ekki vitað  
 RA-348:003 Mið-Bakki ekki vitað

RA-348:004 Syðsti-Bakki ekki vitað  
 RA-348:005 Kryppill ekki vitað  
 RA-351:003 Vallarhús 1912-1937

### 3. Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra

Alls hafa verið skráðar 8630 fornleifar í allri Rangárvallasýslu. Fjöldi minjastaða skiptist þannig eftir hinum fornu hreppum:

	Fjöldi minjastaða	Fjöldi jarða	Minjastaðir á jörð - meðaltal.
Fljótshlíð	942	51	18,4
Hvolhreppur	348	34	10,2
Rangárvellir	1430	58	24,6
Holtahreppur	1402	117	11,9
Landmannahreppur	1087	41	26,5
A-Landeyjar	420	44	9,5
V-Landeyjar	642	49	13,1
Eyjafjallahreppur	2359	85	27,7
Samtals	8630	301	28,6

Við skráningu fornleifa er notast við tvennskonar flokkun minja. Í fyrsta lagi er flokkað eftir eðli fornleifanna, en með því er reynt að greina á milli hvort á staðnum er mannvirki, hvort aðeins er vísbending um að mannvirki sé eða hafi verið þar, hvort um er að ræða stað sem tengist þjóðsögum eða markverðum atburðum eða náttúruminjar sem hafa menningarsögulegt gildi. Innan hvers flokks er síðan reynt að greina frekar eftir gerð. Flokkun af þessu tagi kemur ekki nema að takmörkuðu gagni við svæðisskráningu ve gna þess að heimildir þær sem stuðst er við eru yfirleitt ekki svo nákvæmar að hægt sé að sjá hvort mannvirki er enn á þeim stað sem lýst er eða hvort mannvirki hefur nokkurn tíma verið á minjastaðnum (t.d. þar sem talað er um stöðla

eða ból). Þessi flokkun kemur fyrst verulega að gagni eftir að farið hefur verið á vettvang. Tegundir fornleifa á skráningarsvæðinu eru skráðar hér að neðan.

álagablettir	28	hús	71
áletranir	11	kuml	24
brunnar	8	lindir	14
bæjarhólar	476	mannabein	12
bæjarstæði	470	mannvirki	59
frásagnir	2	námur	2
garðlög	255	rennur	8
götur	104	sögustaðir	7
gerði	31	tóftir	772
gripir	55	vörður	271
gryfja	1	vegir	22
heimildir	4143	þjóðsögur	38
hellar	219	þústir	71
hleðslur	131	örnefni	1327

Hægt var að greina hlutverk 7062 þeirra staða sem skráðir voru og eru þau sýnd í eftirfarandi töflu

#### **Búsetuminjar**

bústaðir	637
býli	319
öskuhaugar	1
býli/sel	13

#### **Minjar um jarðrækt**

áveitur	79
akrar	24
kálgarðar	55

#### **Búnaðaminjar innan túns**

útihús (ótilgreind)	2006
fjárhús	603
skemmur	8
lambhús	112
hesthús	87
fjós	89
túngarðar	118
hjallar	5
myllur	23
smiðjur	14
hlöður	38
eldhús	2
geitakofi	1
göng	2
hænsnakofar	4
tún	1

#### **Búnaðarminjar utan túns**

stekkir	158
sel	102
mógrafir	85
rétir	218
kvíar	154
torfristustaðir	88
beitarhús	19
fjárskýli	158
kolagrafir	19
smalakofar	18
nátthagar	14
vörslugarðar	6
heygarðar	26
heystæði	13
varnargarðar	20

#### **Aðrar búsetuminjar**

brunnar	38
þvottastaðir	30
vatnsból	47
bað	4
sundlaugar	6

#### **Útgerðarminjar**

lendingar	8
naust	3
verbúðir	4
sjóbúð	1

**Veiðiminjar**

refagildrur	14
skotbyrgi	2
herslubyrgi	5
herslugarður	4

**Samgönguminjar**

leiðir	392
samgöngubætur	11
vöð	344
áningarstaðir	10
traðir	76
brú	34
tjaldstaður	10
ferjur	23
hlóðir	4
náttstaðir	43
sæluhús	32
göngugarðar	3
kláfferja	1

**Samkomuminjar**

þingstaðir	19
leikvellir	4
aftökustaðir	8
manndómsraun	2

**Kirkjur og legstaðir**

kuml/legstaðir	68
kirkjur	34
útkirkjur	21
bænhús	35

**Þjóðsögustaðir**

huldufólksbústaðir	78
draugar	17
tröll	5

**Aðrar minjar**

landamerki	249
útilegumannabústaðir	12
herminjar	2
virki	1
eyktamörk	19

**Bæjarhólar og bæjarstæði**

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, og jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar og hafa þá myndast bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mestra og fjölbreytilegastra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngrípi að finna. Bæjarhólar eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllum verið byggð á þeim og skemmt þá að meira eða minna leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætjanlegt sé eða raunhæft að friða þá fyrir frekara raksi, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á bæjarhólum. Mikilverðastir eru þó bæjarhólar sem ekki hefur verið byggt á eða orðið fyrir raski. Sjaldnast er hægt að komast að því hvort bæjarhólar eru óskemmdir eður ei, nema við vettvangsathugun, en til eru upplýsingar um hvar bæjarhús hafa verið flutt og má ganga útfrá að þar sem hús hafa ekki verið flutt, þar séu bæjarhólar minna eða meira raskaðir. Á

skráningarsvæðinu má ætla að ekki séu margir óhreyfðir bæjarhólar, víða í Rangárvallasýslu er þéttbýli nokkuð og mikið svæði sléttað og nytjað enn í dag.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði, eins og sjá má af töflum sem fylgja byggðasöguköflum hvers hrepps. Frá sjónarmiði fornleifafræðinnar eru staðir af þessu tagi ekki síður mikilvægir en bæjarhólar á lögbýlum því oft er meira eftir af byggingum í kringum bæjarhólinn, þ.e. útihúsum og gördum. Slíkir staðir hafa einnig meira kynningargildi því á þeim getur verið auðvelt að átta sig á legu og afstöðu bygginga en bæjarhólar eru oftast ekki annað en ólögulegir hólar, margir huldur sjónum af byggingum og uppfyllingum.

### *Útihús*

Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og víðast á Íslandi voru útihús dreifð um túnin. Flest slík hús voru fyrir sauðfé, einnig hefur verið nokkuð af lambhúsum en lítið af fjósum og hesthúsum. Fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsunum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu. Að meðaltali voru sex útihús á hverri jörð sem er aðeins meira en í t.d. Borgarfirði og Eyjafirði þar sem algengast var að –5 útihús væru á hverjum bæ. Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en þeim hefur fækkað síðan meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan á eldri útihúsarústum

Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun þeirrar 20. og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta. Í Rangárvallasýslu eru skráðar fáar hlöður og enn færri heygarðar og heystæði, en víða er getið um hlöður áfastar útihúsum.



### *Tún, garðar og akrar*

Á fyrri hluta 19. aldar voru tún almennt ekki girt á Íslandi og virðist svo hafa verið um allnokkrar aldir. Á 19. öld var rekinn áróður fyrir túngarðhleðslum og um aldamótin síðustu voru komnir garðar í kringum tún að nokkrum hluta í Rangárvallasýslu. Oftast er ekki hægt að greina hvort garðar þessir eru fornir, en líklegast verður að telja að flestir séu þeir frá 19. öld.

Auk eiginlegra túngarða sem gerðir voru til að hlífa túnnum við ágangi kvikfjár voru sumstaðar byggðir sérstakir garðar til að verja tún og hús fyrir skriðuföllum. Ekki virðist hafa verið mikið af slíkum gördum á skráningarsvæðinu en það skýrist sennilega betur á stigi aðalskráningar.

Á undanförunum árum hafa orðið hraðar framfarir á sviði fornleifavísinda og hafa menn m.a. þróað aðferðir sem byggja á efnagreiningum á jarðvegi og geta með því móti sagt til um ræktun túna og áburðarnotkun til forna. Til þess að hægt sé að beita slíkum aðferðum verða túnin að vera óskemmd af vinnuvélum og helst má tilbúinn áburður ekki hafa verið borin á þau. Slík tún eru sennilega ekki mörg á skráningarsvæðinu, helsta orsök eyðibygðar í Rangárvallasýslu er sandfok og má ætla að mörg gamalla túna séu einfaldlega horfin eða þá nýtt af næstu bændum.

Ekki var mikið um grænmetisrækt á skráningarsvæðinu, flestir kálgarðar þar munu vera frá því um aldamótin 1900 eða síðar, hinsvegar hafa nokkur forn akurgerði þar vakið áhuga manna, sérstaklega á Hlíðarenda en víðar má finna merki um forna akuryrkju og eru það mjög athyglisverðir minjastaðir og tilvaldir til frekari rannsókna.

### *Kvíar og stekkir*

Fráfærur byrjuðu að leggjast af í Rangárvallasýslu um aldamótin 1900, en ekki virðist hafa verið mikið af stekkjum á svæðinu því aðeins eru skráðar heimildir um 158 stekki sem er mjög lítið miðað við aðra landshluta. Áhugavert væri að rannsaka það frekar með tilliti til þess hvort fráfærur hafi verið með öðrum hætti hér en annarsstaðar. Stekkir virðast yfirleitt vera einfaldar girðingar með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið/við annan enda. Sumsstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki sem voru slegnir.

Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkirnir og oftast beinlínis í túnjaðri. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur aðeins ákveðinn staður þar sem ær voru mjaltaðar og sumsstaðar voru færirkvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á þessa öld. Hugtakið „stöðull“ er oft notað um kvíar sem ær voru mjólkaðar í en oftast er það þó notað um stað eða réttir þar sem kýr voru mjólkaðar á sumrum. 154 kvíar og stöðlar eru skráðir á svæðinu en slíkir staðir hafa eflaust verið á hverjum bæ. Líklegasta ástæðan fyrir því að þeirra er ekki getið nema á tæplega þriðjungi jarðanna er sú að færirkvíar voru mikið algengari í seinni tíð og hafa sennilega ekki staðið á sama stað nema nokkur ár í einu. Örnefni hafa því ekki náð að festast við staðinn og því ekki nefnd í örnefnaskrá.

Aðrar minjar sem tengjast mjaltaám eru smalakofar. Aðeins 18 slíkir eru skráðir og líkega hafa langflestir þeirra varðveist. Líklegt er að smalakofar og –skýli hafi verið á fleiri stöðum og jafnvel margir á hverri jörð því algengt hefur verið að nýir smalar byggðu sinn eigin kofa frá grunni. Smalakofar eru undantekningarlítið við staði sem hátt ber og þar sem víðsýnt er.

### *Beitarhús og sel*

Aðeins 19 beitarhús eru skráð á 479 jörðum og má draga þá álytun að sennilega hafi beitarhús ekki verið mikið notuð í Rangárþingi. Alls eru skráð 102 sel á skráningarsvæðinu og að auki er vitað um 13 staði þar sem sel hafa verið byggð á tóftum gamalla býla eða býli byggð á gömlum selrústum. Þess er sjaldnast getið hve lengi haft var í seli en seljabúskap hefur sennilega verið hætt snemma á 19. öld. Seljarústir eru yfirleitt skráðar á stærri jörðum, kirkjujörðum og stærri býlum sem eiga land til fjalla eða afréttarlanda. Vitað er um seljarústir á 27 stöðum á skráningarsvæðinu en líka eru seltóftir mun víðar, en þær ásamt eyðibýlum eru þeir minjastaðir þar sem mest er að sjá af mannvirkjaleifum og sem eina best gætu hentað til kynningar. Mörg rannsóknarefni eru einnig enn óleyst varðandi seljabúskap. Ekki hefur enn verið ráðið fram úr hvernig greina megi muninn á selbyggingum og byggingum þar sem búið var allt árið og er það eitt af mikilvægari verkefnum

íslenskrar fornleifafraeði. Sömu leiðis er lítið sem ekkert vitað um mismunandi tegundir af seljabúskap.

### *Engjar og áveitur*

Fram á þessa öld var stór hluti heyaflla hveirrar jarðar fenginn á engjum. Af örnefnaskráum sést að menn hafa oft leitað mjög langt eftir örlitlum heytuggureytingi og móar hafa verið slegnir þar sem nú sprettur lítið sem ekkert gras. Bestu engjarnar voru flæðiengjar þar sem vatn flæddi yfir öðru hvoru. Slíkar engjar eru á nokkrum stöðum á skráningarsvæðinu, þar á meðal ein stærsta slíkrar tegundar á landinu, Safamýrin, sem nú hefur verið þurrkuð upp og kartöflubændur í Þykkvabæ nota. Þar sem flæðiengjar voru ekki frá náttúrunnar hendi var vatni víða veitt á móa og mýrar. Algengt er að bæjarlækjum hafi verið veitt á svæði utan við tún og gætu á nokkrum stöðum enn sést merki um stíflur og veituskurði sem byggðir voru í þessum tilgangi. Í Rangárþingi eru skráðar 79 áveitur.

Flestir veitugarðar eru byggðir í votlendi og sökkva því fljótt og hverfa ef þeim er ekki haldið við. Einstaka áveituskurðir og stíflugarðar teljast kannski ekki merkileg mannvirki, en þau eru þó minjar um tegund af jarðrækt sem fæstir af yngri kynslóðinni hafa hugmynd um eða eða skynbragð á, og er því nauðsynlegt að koma í veg fyrir að öll veitumannvirki hverfi.

### *Minjar um samkomur og þinghald*

Alls eru skráðir 19 þingstaðir í Rangárþingi. Má fyrst nefna að nokkir hellar voru notaðir fyrir þingstaði, svo sem Steinhellir, Kverkarhellir og Kirkjulækjarkotshellir. Fyrir utan þessa staði eru merkilegustu þingtóftirnar í Grænhólum í landi Eyjar, í landi Þingskála og í Flagbjarnarholti.

Átta aftökustaðir eru skráðir. Þar af eru örnefnin Stóri-Gálgi og Litli-Gálgi í landi Stóru-Markar, Gálgaklettur í landi Stórolfshvols en þar hjá var þingstaður, þrjú aftökustaðir eru skráðir í landi Þingskála og í Þjóðólshaga en þar var einnig þingstaður.

Alls eru skráðar 12 staðir þar sem örnefni með orðinu hof- koma fyrir. Meintar hofstöftir eru þó ekki nema fjórar, Í Fljótshlíð, Butruengjum (sumir telja hana verið fjárhústóft), fyrir ofan Seljaland og í Steinholti við Þórsmörk.

### *Hellar*

Eitt af sérkennum Rangárbings og ein af merkustu fornminjum þess eru manngerðir hellar. Alls voru skráðir 219 hellar á svæðinu og eru þó nokkuð margir þeirra stórir og miklir hellar, fullir af ristum og mannvistarleifum og eru sumir þeirra kjörnir til kynningar. Flestir hellana hafa gegnt hlutverki útihúsa en einnig voru nokkrir notaðir til gistinga á afréttum, sem þingstaðir eða sem skjól fyrir útilegumenn.

### *Kuml og kirkjugarðar*

Alls eru skráð 24 kuml og einnig er nokkuð um sagnir af fornmannahaugum á skráningarsvæðinu og mannabein hafa komið upp á 12 stöðum. Sumir af fornmannahaugunum eru örugglega náttúrumyndanir en á öðrum stöðum gæti hafa geymst þekking um mannabeinafundi eða gripa.

Greftrað hefur verið í kirkjugörðum þar sem voru sóknarkirkjur og útkirkjur og jafnvel einnig við bænhús en kirkjur og bænhús voru á miðöldum miklu víðar en seinna varð. Ekki eru til heildstæðar upplýsingar um hvar útkirkjur og bænhús voru á miðöldum. Undir Eyjafjöllum voru bænhús á Raufarfelli, Ystaskála, Miðskála, Núpi, Fit, Söndum, Þorgeirsstöðum (sennilega sama jörð og Sandar), Seljalandi, Neðridal, Syðstumörk, Miðmörk og Stórumörk en engar útkirkjur. Í Landeyjum eru ekki góðar heimildir um bænhús, talið er að bænhús hafi staðið á Kirkjulandi og Álfhólum og einnig hefur forn grafreitir fundist í Stóru-Hildisey. Þar voru hins vegar fjórar útkirkjur, á Ljótastöðum, Fíflholti, Ey og Forsæti. Í Fljótshlíð voru bænhús á Torfastöðum, í Vatnsdal og á Þverá en útkirkjur á Hlíðarenda, Kirkjulæk og Torfastöðum. Í Hvollhreppi var aðeins eitt bænhús, á Móeiðarhvoli, en útkirkjur voru á jörðunum Langagerði, Völlum og Efra-Hvoli. Í Rangárvallahreppi voru fjögur bænhús, á Reynifelli, Þorleifsstöðum, Reyðarvatni og bæjarstæði Elstu-Heiði, útkirkjur

voru í Kirkjubæ eystri og Geldingalæk. Alls greina heimildir frá átta bænhúsum í Holtamannahreppi. Í Akbrautarholti, Stúfholti, Pulu, Meiritungu, Syðri-Rauðalæk, Efri-Rauðalæk, Háabæ og Litlutungu. Þrjár útkirkjur voru í Holtum: í Vetleifsholti, Skammbeinsstöðum og Hamri. Á Landi eru heimildir um fimm bænhús. Á Kýraugastöðum sem er fornt eyðibýli, Galtalæk, Mörk, Eskiholti og í Elsta Skarfanesi. Þar voru einnig fimm útkirkjur, í Fellsmúla, Hvammi, Flagbjarnarholti, Lunansholti og Snjallsteinshöfða.

### *Samgönguminjar*

Alls hafa verið skráðar 392 leiðir á Rangárvöllum. Margar þeirra eru leiðir milli bæja eða sveitahluta en aðrar eru milli sveita innan héraðsins eða liggja til annara héraða. Ekki var sérstaklega greiðfært innan sveitar. Ár og lækir eru farartálmur á flestum leiðum innan sýslunnar og einnig til annarra sveita. Skráð hafa verið 344 vöð og eflaust er það ekki nema brot af öllum leiðum yfir vatnsföllin. Einnig var láglendið oft mjög votlent og var það oft erfitt yfirferðar. Þau eru nú flest búið að þurrka upp og búið er að brúa flestar ár þannig að nú eru fáir farartálmur þeim sem vilja ferðast um svæðið. Menn hafa leitað ýmisa leiða að komast yfir árnar og eru skráðar 34 brýr, 23 ferjur og 1 kláfferja.

## **4. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu**

Eins og þegar hefur verið minnst á þá eru líkur á að meirihluti fornleifa á skráningarsvæðinu hafi verið eyðilagður á þessari öld og sést nú aðeins lítið brot þeirra rústa sem áður voru til. Skilvirk minjavernd verður að byggja á vettvangsathugunum en benda má á nokkur atriði sem vert er að hafa í huga við áætlanagerð og skipulag byggðar.

Langmest af fornleifum er að finna á gömlum bæjarstæðum sem oftast en ekki er enn búið á. Mikilvægt er að reynt verði að takmarka framkvæmdir á slíkum stöðum og fylgjast vel með því raski sem nauðsynlegt er.



Dregið hefur úr framkvæmdum í landbúnaði á undanförunum árum og stafar því þeim tóftum sem enn eru sýnilegar ekki jafnmikil hætta og áður af nýbyggingum, framræslu og túnsléttun. Stórt hlutfall slíkra tófta eru stekkir, beitarhús, eyðikot og sel og hafa margar þeirra kynningargildi. Brýnt er að komið verði í veg fyrir fækari eyðileggingu slíkra minja. Auk vegagerðar og línulagna stafar fornleifum nú helst hætta af skógrækt og aukinni sumarbústaðabyggð auk þess sem nýbyggingar og framkvæmdir ógna fornleifum. Aukin skógrækt er vaxandi áhyggjefni fyrir minjavernd á Íslandi og brýnt að fundnar verið leiðir til að koma í veg fyrir að fornleifar spillist af völdum skógræktar.

Skógur eyðileggur hinsvegar fornleifar ekki á sama hátt og skurðgröfur. Rætur trjáa sprengja veggheðslur og afmynda rústir þannig að erfitt verður að átta sig á þeim á yfirborði eða kanna þær með uppgrefti. Það er þó ekkert sem segir að hagsmunir skógræktar og minjavörslu geti ekki farið saman. Fornleifar þekja aðeins brotabrot af heildarflatamáli mögulegs skógræktarland og ætti að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Slíkt krefst þess aðeins að fornleifastaðir séu þekktir og að skógurinn sé hirtur þanig að hann sái sér ekki sjálfur í tóftir á auðum svæðum.

Byggingar sumarbústaða getur valdið miklu alvarlegri spjöllum á fornleifum ef ekki er farið að með gát. Þar gildir hinsvegar það sama og með skógrækt. Ef fornleifastaðir eru þekktir á að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Augljóst er að með lágmarkskynningu og viðhaldi geta fornleifastaðir aukið útivistargildi sumarústaðalanda og því réttara að líta svo á að fornleifar auki verðmæti þeirra frekar en að þær séu fyrir framkvæmdum.

Ekki verður tekið tillit til fornleifa á skógræktarsvæðum, sumarbústaðalöndum eða þar sem aðrar framkvæmdir eiga sér stað nema fornleifastaðir hafi verið rannskaðir á vettvangi og staðsetning þeirra færð inn á kort. Það er brýnt að gerðar séu vettvangsathuganir á fornleifum í Rangárvallasýslu.

Margir athyglisverðir minjastaðir eru á skráningasvæðinu og ljóst að miklu fleiri munu koma fram í dagsljósið við vettvangsathugun. Gera má ráð fyrir að mikið af stöðum sé í hættu og því brýnt að skrá fornleifar á vettvangi svo hægt sé að gera yfirlit um þá.

Allmargir staðir njóta friðlýsingar á skráningarsvæðinu eins og sést af meðfylgjandi skrá:

- |   |   |
|---|---|
| ? HrótsHELLIR                             | ? HrapPSTAðARÚSTIR í Smiðjunesi             |
| ? Hörðuskáli                              | ? MerkiHVolsRÚSTIR hinar fornu              |
| ? HELLAR á Rauðafelli                     | ? Akurgarðar í landi Bjalla                 |
| ? SteinaHELLIR                            | ? Tóftir býlisins Síðuness                  |
| ? SteinfinnsSTAÐIR á Almenninum           | ? Tóftir býlisins Eskiholts                 |
| ? Kumlið á Kápu á Almenninum              | ? Tóftir við hólmengi í Fellsmúla           |
| ? Forn-FIT                                | ? Þingtóftir í Flagbjarnarholti             |
| ? Hofstorfa við Seljaland                 | ? MerkiHVolsRÚSTIR í landi                  |
| ? Seljalandshellir                        | Galtalæks                                   |
| ? Fornufjós í landi Leifsstaða            | ? HELLAR við HELLU                          |
| ? Gamli Vorsabær                          | ? HELLAR við Hrólfstaðahelli                |
| ? Gamlir sáðgarðar nálægt Vorsabæ         | ? RÚSTIR Hrólfstaða                         |
| ? Gamlir vatnsveitustokkar nálægt Vorsabæ | ? RÚSTIR Árbæjar hins forna í landi Hvamms  |
| ? Bæjarhólinn á Bergþórshvoli             | ? Bæjar og kirkjurúst Stóra-Klofa           |
| ? Línakrar á Bergþórshvoli                | ? Lúnanshóll í Lúnansholti                  |
| ? Grænhólar í landi Eyjar                 | ? Forntóft við Skrokkhól í Lúnansholti      |
| ? Þuríðarstaðir á Þórsmörk                | ? RÚSTIR hjá Grænuflöt undir Skarðsfjalli   |
| ? Bólstaðaleifar við Einhyrning           | ? Skarfanesrústir hinar fornu               |
| ? Hólmsfríðarkapella í Árkvörn            | ? Bandrún í Snjallsteinshöfða               |
| ? Þráinsgerði á Grjótá                    | ? Bæjar-, kirkjuminjar á Stóru-Völlum eldri |
| ? Rústir suðaustanmegin við Þríhyrning    | ? Eyvindakofi í Eyvindarveri                |
| ? HELLIR í Vatnsdal                       | ? Kirkja í Akbraut                          |
| ? Þrír hellar við Efra-Hvol               | ? Árbæjarhellar                             |
| ? Fornir sáðreitir við Þórunúpslæk        | ? HELLAR á Brekkum                          |
| ? HELLAR við Þórunúp                      | ? Bæjarrúst og fl. í landi Guttormshaga     |
| ? HELLAR við Gaddastaði                   | ? HELLIR í Litlu-Tungu                      |
| ? HELLAR við HELLUVAÐ                     | ? HELLAR við Lýtingsstaði                   |
| ? Rústir Tröllaskógs í landi Keldna       | ? HELLAR í Meiri-Tungu                      |
| ? Rústir Landagils í landi Keldna         | ? Gamla-Pula                                |
| ? Rústir Melakots í landi Keldna          | ? Vakurstaðir við Skammbeinsstaði           |
| ? Rústir Keldnakots í landi Keldna        | ? HELLAR við Þjóðólshaga                    |
| ? Uppblásnar dysjar í landi Keldna        | ? HELLAR við Ás                             |
| ? Gerði við Rauðnefsstaði                 | ? Bæjarstæði Efsta-Bakka                    |
| ? Austasta Reyðarvatns                    | ? Bæjarstæði Mið-Bakka                      |
| ? Holtsrúst við Reynisfell                | ? Bæjarstæði Syðsta-Bakka                   |
| ? Bæjarhólinn á Stóra-Hofi                | ? HELLAR við Berustaði                      |
| ? Hoftóft á Stóra-Holfi                   | ? HELLAR við HELLATÚN                       |
| ? HELLIR á Vestri-Geldingalæk             | ? HELLIR í Seli                             |
| ? Þingstaðurinn á Þingskálum              | ? RÚSTIR Jólgeirstaða í landi Sels          |
| ? HELLIR á Þorleifsstöðum                 | ? 12 hellar á Ægissíðu                      |
| ? Sáðgirðingar á Þorleifsstöðum           |   |
| ? Vatnsveituminjar á Veitu og Harðavelli  |   |

Af fenginni reynslu má ætla að við aðalskráningu muni bætast við skrá yfir tillögur um friðlýsingar og þá bætasta margir minjastaðir við listann. Má strax sjá fjölda staða í Rangárvallasýslu sem hægt væri að nýta til kynningar, til að efla útivist og ferðapjónustu, ekki síður en til að stunda rannsóknir.

Sem dæmi má benda á alla sögustaði Njálu en lestur þeirrar bókar hefur dregið margan ferðamanninn til héraðsins. Þótt hafin sé kynning á minjastöðum Njálu má alltaf gera betur með merkingum og fleiri fornleifarannsóknum.

Mjög mikið er af rústum eyðibýla og selja á svæðinu og mörg hver ekki langt frá alfarleið og hægt væri að finna kynningarvæna staði við aðalskráningu og tengja saman útivist og kynningu á fornleifum og menningarsögu. Einnig eru hellar svæðisins vannýtt auðlind sem nýta mætti við ferðapjónustu. Þar sem byggð hefur verið sem þéttust og mikið af eyðibýlum er brýnt að kortleggja kotbyggðina og gera mætti gönguleiðir á milli staða.

Í Rangárvallasýslu er eitt af fáum svæðum á landinu þar sem stórfelldur uppblástur hefur eytt heilum byggðum á láglandi. Eyddar hálendisbyggðir eins og í Þjórsárdal, Skagafjarðardölum og Brúardölum hafa hlotið mikla athygli fræðimanna en nánast engar fornleifaathuganir hafa verið gerðar á hinum miklu eyðbyggðum á Landi og Rangárvöllum. Þar er um stórmerkilegt svæði að ræða frá sjónarmiði fornleifafræðinnar og þar eru aðstæður góðar til að tvinna saman rannsóknir og kynningu/fræðslu. Fyrsta skrefið í þá átt væri aðalskráning og því næst rannsóknir á því hvenær og afhverju einstakar jarðir eyddust.

Það á við um öll svæði sem skipulögð eru til útivistar að sjálfsagt er að reyna að nýta þær auðlindir sem fyrir eru og fornleifastaðir geta verið afar upplýsandi fyrir ferðamenn, jafnt innlenda sem útlenda. Til þess að það sé hægt þarf ekki annað en að skrá staðina á vettvangi, merkja þá svo fólk viti hvert eigi að fara og gera upplýsingar um hlutverk og gildi minjanna aðgengilegt á einn eða annan hátt, t.d. með prentuðum bæklingum eða skiltum á staðnum.

## Heimildarskrá

**AI** : *Alþingisbækur Íslands IV* Reykjavík 1920-1924.

Árni Hjartarson: *Manngerðir hellar á Íslandi*, Reykjavík 1991

Árni Óla: *Púsund ára sveitaþorp: Úr sögu Þykkvabæjar í Rangárfingi*, Reykjavík 1962

Buckland, P.C: "Holt in Eyjafjallasveit, Iceland. An Paeloecological Study og the Impact og Landnám" *Acta Archaeological*, 61 1990, 252-269

**DI**: *Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972

**FF**: Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983

Guðrún Sveinbjarnardóttir: "Byggðaleifar á Þórsmörk" *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1982*, 20-61

Guðrún Sveinbjarnardóttir: *Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland: an Interdisciplinary Study*, Oxbow Monograph 17, Oxford 1992

Guðrún Sveinbjarnardóttir: "Palæoekologiske undersøgelser på Holt í Eyjafjallasveit, Syðislad" *Hus, gård och bebyggelse*, 1983, 241-215

Haraldur Matthíasson: *Landið og Landnáma II*, Reykjavík 1982.

Helgi Þorláksson: "Byggð undir Heklu" *Goðasteinn. Héraðsrit Rangæinga* 33. árg 1997, 149-161.

**ÍF I**: *Íslenzk fornrit I. Íslendingabók & Landnáma*, Reykjavík 1986

**ÍF XII**: *Íslenzk fornrit XII. Njálssaga*, Reykjavík 1954

**JÁM**: *Jarðabók Árna Magnúsoar og Páls Vídalín. Vestmanneyja- og Rangárvallasýsla I*, Kaupmannahöfn 1913-1917

**JJ**: Johnsen, J: *Jarðatal á Íslandi* Kaupmannahöf 1847

Jón Egilsson: "Biskupa – annálar Jóns Egilssonar með formála, athugasgreinum og fylgiskjölum eptir Jón Sigurðsson" *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennnta að fornu og nýju I*, Kaupmannahöfn 1856, 15-136

**KK**: Kaalund, Kristian: *Íslenzkir sögustaðir. Sunnlendingafjórðungur I* Reykjavík 1986



- Kristján Eldjárn og Gísli Gestsson: "Rannsóknir á Bergþórshvoli" *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1951-52*, 5-75
- Mjöll Snæsdóttir: "Anna átti mig. Um snældusnúð frá Stóruborg" *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1980*, 51-57
- Mjöll Snæsdóttir: "Jarðhýsið í Stóruborg undir Eyjafjöllum" *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1991*, 53-58
- Mjöll Snæsdóttir: "Kirkjugarðurinn að Stóruborg undir Eyjafjöllum" *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1987*, 5-40
- Mjöll Snæsdóttir: "Ráði sá er kann. Óráðinn rúnatexti frá Stóruborg undir Eyjafjöllum" *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1988*, 29-34
- Mjöll Snæsdóttir: "Stóraborg. Eftirmæli um bæjarhól" *Heima er bezt*, 6. tbl, 43. árg, 1993, 196-203
- PS:** Páll Sigurðsson: "Um forn örnefni, goðorðaskipun og fornmenjar í Rangárþingi" *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*, Kaupmannahöfn 1886, 498-557
- Sigurður Vigfússon. "Rannsóknir sögustaða sem gerðar voru 1883 um Rangárvöllu og þar í grend, einkanlega í samanburði við Njáls sögu" *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-1892*, 35-62
- Sigurður Vigfússon. "Rannsóknir sögustaða sem gerðar voru 1885 í Rangárþingi og í Skaftafellsþingi vestanverðu" *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-1892*, 63-75
- SSR:** *Rangárvallasýsla. Sýslu og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*, Reykjavík 1968
- Storch, V: "Efnafræðilegar rannsóknir með viðhöfðum sjónauka á einkenilegu efni, fundnu við útgröft þann, er Sigurður Vigfússon framkvæmdi á Bergþórshvoli fyrir hið íslenska fornleifafjelag" *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1887. Viðbætur*, 1-18
- Valgeir Sigurðsson: *Landeyingabók. Austur-Landeyjar*. Austur Landeyjar 1999
- Valgeir Sigurðsson: *Rangvellingabók. Saga jarða og ábúðar í Rangárvallahreppi I-II* Hella 1982